

BÓNDAVARÐAN

26. NÓVEMBER 2018, 17. ÁRGANGUR

DJÚPAVOGSHREPPUR

*Gleðilega
hátið*

Forsíðumynd: Ólafur Björnsson

**ÞORRABLÓT DJÚPAVOGSHREPPS 2019 VERÐUR HALDIÐ MEÐ MIKILLI VIÐHÖFN
Á HÓTEL FRAMTÍÐ ÞANN 2. FEBRÚAR.
TAKIÐ ÞVÍ DAGINN FRÁ HEIMAMENN & BÓKIÐ FLUC ÞIÐ SEM FJARRI ERUÐ.
FYRSTA FLOKKS ÞORRAMATUR, SÖNGUR OG SKEMMTIATRÍÐI.**

ÞORRABLÓTSNEFND.



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Vinna við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hefur staðið yfir undanfarið og fer síðari umræða um hana fram fimmtudaginn 13. desember þar sem hún verður afgreidd endanlega. Í áætluninni er gert ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins verði tæpar 700 milljónir á næsta ári. Um 40% eru skatttekjur, 31% koma frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og tæp 30% eru aðrar tekjur. Áætluð gjöld eru rúmar 660 milljónir en þar vega þyngst laun og launatengd gjöld sem eru um 60%. Annar rekstrarkostnaður er svo um 36% af útgjöldum sveitarfélagsins. Svigrúm til fjárfestinga og framkvæmda er ekki mikið en þó er fyrirhugað að hefja framkvæmdir við viðbyggingu grunnskólans á næsta ári og að þeim framkvæmdum ljúki 2020. Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður vegna þeirrar framkvæmdar verði um 100 milljónir. Brýn þörf er á að endurnýja tækjakost slökkviliðsins og stefnt er að því að ný slökkvibífið verður keypt á næsta ári. Í fjárhagsáætlun er einnig gert ráð fyrir kostnaði vegna endurskoðunar aðalskipulags og deiliskipulags nýrra íbúðahúsaloða, skipulags á hafnarsvæðinu og hönnunar- og undirbúningskostnað vegna fráveitu. Í byrjun nýs árs er fyrirhugað að sorphirða og flokkun verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að í stað þess að íbúar mæti sjálfir í flokkunarstöðina verði sérstakar flokkunartunnur við hvert hús. Einnig er gert ráð fyrir að fyrirtæki og atvinnurekendur semji beint við þjónustuaðila í stað þess að sveitarfélagið sjái um þjónustuna. Endanleg kostnaðargreining vegna nýs fyrirkomulags liggur ekki enn fyrir en vonast er til að það verði fljótlega. Tekjur sveitarfélagsins koma ekki til með að standa undir öllum kostnaði vegna fjárfestinga og framkvæmda á árinu og gert er ráð fyrir lántökum upp á rúmar 60 milljónir. Stefnt er að því að fjárhagsáætlun verði kynnt sérstaklega að lokinni síðari umræðu og verður það auglýst þegar þar að kemur.

Nýverið voru birtar tölur um íbúafjölda í sveitarfélögum landsins og þar kom í ljós að íbúum í Djúpavogshreppi hefur fjölgað um 3% frá fyrra ári og voru 475 þann 1. september. Þótt þessi tala sé ekki há þá er hún til marks um það að við erum nú orðin fleiri en um það leyti sem áföll í atvinnulífinu 2014-15 urðu til þess að í sveitarfélaginu fækkaði á einu ári úr 470 í rúmlega 420. Þetta er ánægjuleg þróun á ekki lengri tíma og til marks um viðsnúning sem við sem samfélag hljótum að fagna.

Jólatré - jólatré - jólatré

Sunnudaginn 16. desember 2018, frá kl. 13:00 – 14:00
verða seld jólatré úr skógræktinni.

Farið er upp afleggjarann við kirkjugarðinn og fólk getur valið sér tré.

Félagar skógræktarfélagsins verða á staðnum og saga fyrir fólk. Verð kr. 3.000.-

Skógræktarfélag Djúpavogs

FRÁ MENNTASKÓLANEMA



Góðan daginn kærur Djúpavogsbúar.

Síðastliðin 3 ár hef ég stundað nám við Menntaskólann á Egilsstöðum og mér hefur líkað það gríðarlega vel. Ég er er á Félagsfræðibraut og á svokallaðri íþróttalínu þar sem lögð er áhersla á ýmsar greinar tengdar bæði íþróttaiðkun og þjálfun. Námið hefur verið bæði ákaflega fjölbreytt og skemmtilegt, ég væri reyndar að ljúga ef ég segði að allt námið væri jafn skemmtilegt en það er þó alltaf eittvað nýtt sem ég læri í hverjum og einum áfanga. Þessi þrjú ár hafa verið gríðarlega lærdómsrík bæði hvað varðar nám í skólanum en ekki síst utan skólans. Ég hef eignast heilan helling af nýjum vinum og kynnst fólki sem ég hafði ekki hugmynd um að væri til og það er eitthvað sem ég mun búa að alla mína ævi. Ég hef lært heilmikið af félagslífi skólans og hef reynt að taka þátt í flestu sem ég mögulega get hverju sinni. Ber þar helst að nefna spurningakeppni Gettu betur, ræðukeppni morfis, myndbandagerð fyrir skemmtinefnd og núna síðast tók ég sæti í nemendaráði skólans, en þar er ég formaður málfundarfélagsins.

Aldrei hafði mig órað fyrir því að ég ætti eftir að taka þátt í þessu öllu þegar ég var nýútskrifaður úr grunnskólanum heima og var að reyna að gera upp hug minn varðandi hvaða menntaskóla væri best að fara í. Þannig er nefnilega mál með vexti að þegar ég var að velja menntaskóla fóru flestir á Akureyri og óneitanlega langaði mig með. En eftir að hafa ráðfært mig við bróðir minn sem og aðra fjölskyldumeðlimi ákvað ég að láta slag standa og sé svo sannarlega ekki eftir því. Í vali á menntaskóla var eitt sem vóg þyngra en flest annað og það var fjarlægðin heim (stutt að fara heim með óhreina tauðið). Ég hef alltaf verið mjög heimakær og finnst mjög gott að koma heim þegar tækifæri gefst. En þó það sé alltaf gott að koma heim er líka ótrúlega gott að vera hér á Egilsstöðum. Ég lít þannig á að það að prófa að búa á heimavist sé ótrúlega hollt fyrir alla og ég mæli því hiklaust með því. Fyrir utan alla skemmtunina sem fylgir því að hafa alla vini sína í kringum sig öllum stundum. Nú er hins vegar komið að leiðarlokum hjá mér og stefni ég á að útskrifast um jólin. Það eru vægast sagt blendnar tilfinningar og satt best að segja þá langar mig alls ekki neitt að útskrifast strax. Það er þó einu sinni þannig að allt gott tekur einhverntíman enda. En þegar allt kemur til alls tel ég að ég geti útskrifast sáttur frá Menntaskólanum á Egilsstöðum og mælt hiklaust með skólanum fyrir aðra. Það verður þó ótrúlega gott að koma heim eftir jól og fara í smá pásu frá skólanum og sjá hvernig landið liggur varðandi framtíðina. Mér finnst það segja sig algjörlega sjálft að hvergi annars staðar í heiminum er betra að eyða þessari pásu en akkúrat heima á Djúpavogi.

Kristófer Dan Stefánsson

VÍSNAGÁTA

Björn Hafþór Guðmundsson samdi þessa skemmtilegu vísnaðu sem Bóndavarðan fékk að láni. Lausnin er nafnorð sem kemur fyrir í hverri línu.

**Sjónvarpsefni vinsælt víst
virki hann þá brátt hún snýst.
Hafði dvöl í hendi mér
í hópi þriggja nefndur er.**

Lausnina er að finna á bls. 27

Kæru vinir

Vegna þeirra erfiðu veikinda sem Kolbeinn og fjölskylda hafa verið að glíma við síðastliðið ár, hafa vinir og velunnarar ákveðið að stofna fyrir þau styrktarreikning.

Reikningurinn er í Landsbankanum 0172-05-010086 og er á kennitölu 231277-5799.

BÚLANDSTINDUR ÆTLAR AÐ VERA LEIÐANDI Í VINNSLU Á LAXI Á AUSTURLANDI

Síðan laxaslátrun lauk í ágúst hefur verið unnið að því að auka afkastagetu hússins svo hægt sé að taka á móti aukinni framleiðslu af laxi frá Fiskeldi Austfjarða ehf. og Löxum ehf. Búlandstindur festi kaup á notuðum tækjum í Noregi sem sótt voru í lok sumars og hefur verið unnið hörðum höndum að því að koma tækjunum fyrir og breyta innanhúss svo henti auknu umfangi. Meðfram þessu höfum við reynt að halda góðu dampi við að vinna þorsk ýmist í salt eða ferskt.

Tækin í notkun

Nýju tækin virka þannig að fisknum er dælt lifandi inní hús þar sem hann er lamaður með rafmagni og hann svo blóðgaður. Því næst fer hann í gegnum slægingarvélar sem taka slóg og hreinsa fiskinn. Þá fer hann í kælitank þar sem hann er kældur niðurfyrir núll gráður. Loks er hann svo gæðaflokkaður, honum pakkað og sjálfvirkur kassastaflari gengur frá honum á rétt bretti. Staflarinn skilar svo brettunum af sér nánast tilbúnum til útskipunar.

Uppsetningin gengur vel

Uppsetning hefur gengið vonum fram, að sjálfsögðu hefur þetta tekið á og verið mikil vinna en við erum ótrúlega heppin að hafa aðgang að hæfileikaríkum mönnum á öllum sviðum sem hafa sinnt bæði smíðavinnu sem og sérhæfðri tæknivinnu. Það er ótrúlega dýrmætt á ekki stærri stað en Djúpavogi að geta leitað til heimamanna með nánast allt sem við kom þessum framkvæmdum.

Búlandstindur stígur stórt skref til framtíðar

Þetta þýðir fyrst og fremst betri aðstöðu fyrir starfsfólkið okkar og meiri gæði og öruggari ferlar fyrir hráefnið sem okkur er treyst fyrir. Þessi búnaður gerir okkur kleift að vinna um 2500 stk á klst. Sem þýðir um 80-100 tonn á dag í dagvinnu og u.þ.b. 25.000 tonn á ári. Með þessari uppfærslu á vinnslunni erum við að stíga stórt skref til framtíðar þar sem Búlandstindur ætlar sér að vera leiðandi í vinnslu á laxi sem framleiddur er á Austurlandi.



Starfsfólki getur fjölgað

Í dag erum við 52 sem vinnum á ýmsum sviðum fyrirtækisins. Þegar fullum afköstum verður náð verðum við sennilega búin að bæta við 8-10 starfsmönnum.

Bjartsýn í framtíðina

Í Búlandstindi eru í raun tvær aðskildar vinnslur, annarsvegar laxavinnsla og hins vegar bolfiskvinnsla. Laxinn er slægður og sendur ferskur til kaupanda en bolfiskurinn er ýmist verkaður og saltaður fyrir Spánarmarkað eða sendur ferskur til Bandaríkjanna.

Framundan núna er vertíð, bæði hjá bolfiskbátunum sem landa hjá okkur og einnig verða slátranir á laxi alla virka daga fram í mars. Apríl – júní verður stopp í laxaslátrun en hún hefst svo aftur í júní og verður þá samfelld út árið og vonandi lengur ef leyfi fást til. Við í Búlandstindi vonumst því til að vera önnur kafin og erum bjartsýn á framtíðina.

Opið hús í byrjun árs

Stefnt er að því að hafa opið hús í Búlandstindi í byrjun nýs árs þar sem áhugasömum er boðið að koma og kynna sér vinnslu Búlandstinds enn frekar. Það verður auglýst betur þegar nær dregur.

INNLIÐ TIL ÍRISAR Í EKRU

Íris Dögg Scheving Hákonardóttir hefur vakið athygli á Instagram miðlinum og er nú með yfir ellefuhundruð fylgjendur. Ástæðan fyrir snöggri aukningu í fylgjendahóp hennar má rekja til fállegra mynda sem hún tekur af heimili sínu og setur inn á miðilinn. En þar má sjá að vinna og ástríða er lögð í hvern krók og kima.

Innanhúshuginn kom snemma

Íris er búsett í Ekrú ásamt manni sínum og tveimur börnum en húsið var byggt árið 1953. Íris er nemi í Háskólanum á Akureyri og lærir þar sálfræði. „Eins og er ég að einbeita mér að því að klára B.A námið í sálfræði. Eftir það þá þarf ég að ná mér í réttindi til að starfa sem sálfræðingur sem tekur mig tvö ár. Vonandi eftir það get ég starfað við það að hjálpa fólki að líða betur, hvort sem það verður á minni eigin stofu eða innan einhvers fyrirtækis eða stofnunar“. Íris hefur alltaf heillast af ljósmyndun, innanhúshönnun og málefnum hugans. „Ég stefni að því að hafa þessa hluti sem mest í mínu lífi og starfi. Ég var mjög ung þegar ég fór að heillast af því að skoða fasteignir og falleg heimili en hef lítið leyft mér að blómstra á því sviði. Nú þegar ég er byrjuð er erfitt að hætta“ segir Íris og hlær. En meðfram náminu er Íris stuðningsfulltrúi í Djúpavogsskóla.

Þarf að hafa hluti sem ég tengi við

Í Ekrú hefur Íris búið í 13 ár sem er að hennar sögn persónulegt met þar sem hún hefur flutt u.þ.b. 24 sinnum yfir ævina. En aðspurð að því hver stíll hennar er í innanhúshönnun svarar Íris að hann sé dás af hinu og þessu. „Sennilega yrði heimilinu lýst sem frekar klassísku skandínávísku heimili. Ég vel ekki það dýrasta því ég verð að breyta reglulega til. Ég hef gaman af hönnun en ég þarf að hafa hluti sem ég tengi við. Það yljur mér til dæmis um hjartarætur að eiga mæðradagsplatta frá ömmu og kristal frá hinni ömmu minni. Svo fékk ég loftvog frá mömmu sem var alltaf á æskuheimili mínu, það gerir mikið fyrir sálina að hafa þessa hluti í kringum mig því ég bý svo langt frá fólkinu mínu“.

En fær hún fullt svigrúm til að gera hlutina eftir sínu eigin höfði á heimilinu? „Ég fæ nokkuð frjálsar hendur, en samningaviðræður geta staðið mislengi yfir“ segir Íris og skellir uppúr. Aðspurð um uppáhaldsstað sinn í húsinu segist Íris elska borðstofuna sína, „það er staðurinn þar sem við fjölskyldan sameinumst á daginn og þar drekk ég gott kaffi með vinkonunum“.



Hratt vaxandi fylgjendahópur

Instagram miðillinn fer hratt vaxandi og þar er Íris að verða meira og meira áberandi. Nú er hún komin með vel yfir þúsund fylgjendur, en hvernig notar hún sjálf þennan miðil? „Ég nota Instagram mikið sem leitavél. Ef mig vantar hugmyndir þá slæ ég oft þar inn því sem ég leita að og þá koma upp reikningar hjá fólki með fullt af hugmyndum af því sem ég er að leita að. Ég er með opinn reikning og það er auðvitað voða gaman að fólk vilji fylgjast með því sem ég er að gera líka.“ Íris setur aðallega inn myndir sem hún myndi sjálf vilja sjá. „Ég skrifa á ensku undir myndirnar því flestir sem fylgja mér eru frá hinum Norðurlöndunum. Þessa dagana finnst mér mjög gaman að fylgjast með þýskum heimilum og þá kann ég sjálf að meta þegar það er skrifað á ensku. Annars reyni ég að hafa ágætt samræmi í myndunum.“

Íris segir það misjafnt hvað fer mikill tími í að sinna Instagram. „Stundum er ég í stuði og hef tíma þá finnst mér gaman að fylgjast með hvað er að gerast. Svo koma alveg vikur inná milli sem ég varla fer inná þetta. Þetta er fínt hobbý þegar ég kem því að“ segir Íris brosandi.

Framundan í Ekrú

Framundan hjá Íris eru fleiri breytingar á heimilinu. „Fyrir þá sem hafa gaman af því að fylgjast með breytingum þá ætlum við að ráðast á restina af heimilinu á nýja árinu. Sjáum hvað kemur út úr því.“

Þegar jólin eru á næsta leiti er óneitanlega spennandi að vita hvernig Íris hleypir jólaskeytingum inn á heimilið. „Ég skreyti ekki mikið fyrir jólin, ég kenni mig oft við setninguna „less is more“. En jólin eru mesta stílbrot sem heimili mitt hefur upp á að bjóða. Þá fara að hrynja inn ómetanlegir hlutir sem manni þykir svo vænt um sem eru jú, misfallegir. Við kærustuparið höfum vanið okkur á það að kaupa alltaf eitt jólaskraut á jólatréð á ferðalögum okkar til minningar um ferðina. Þegar við vorum í Berlín um daginn þá keyptum við ljótustu Bratwurst jólapylsu sem ég hef séð á jólatréð og höfðum gaman af“, segir Íris skellihljajandi eins og hún er oftast. „Það verður að vera smá karakter í þessu“.

Hátíðartilboð

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Í NETPRENTI

Útbúðu glæsilegt persónulegt jólakort og jólagjöf í nýju hönnunarforriti á heimasíðu okkar.
Auðvelt og fljótlegt!




Jólakort

Margar stærðir og gerðir í boði

Strigamyndir

stórar og smáar



Álmyndir

með mattri eða glans áferð



Myndabækur



Spil



Samstæðuspil



Dagatöl

þú getur valið úr fjölda útlita og myndasamsetninga



Púsl

Snjókúla



GILDIR TIL 8. DES. 2018

Afsláttarkóði: vogi20

40 ÁRA

GÓÐ SAMSKIPTI
SÍÐAN 1978

www.samskipti.is
580-7800

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

EINU SINNI VAR

Ég er nú ekki neitt ógurlega gamall. Í það minnsta finnst mér það ekki. En fljótlega verður maður kannski að viðurkenna að ekki teljist maður unglamb lengur, en þó ekki alveg strax.

Ég var að rifja upp um daginn fyrstu dagana mína í skóla. Ég bjó eins og margir vita í Hamarsfirði öll mín uppvaxtarár og Hamarsfjörðurinn tilheyrði Geithellnahreppi og þessi hreppur eins og flestir aðrir á landinu rak grunnskóla eins og lög kveða á um. Allt fram að því þegar ég fór fyrst í skóla, 7 ára gamall, árið 1979 var kennt á hinum ýmsu bæjum í hreppnum, á Geithellum einn vetur á Þvottá annan vetur og Blábjörgum svo einhverjir bæir séu nefndir. En svo var ákveðið að þetta gengi ekki lengur og skólanum var fundinn staður að Múla í Álftafirði í félagsheimili sveitarinnar sem hét að mig minnir Stígandi.

Fyrstu vikurnar voru reyndar svolítið skrítnar, það var nefnilega ekki salerni í þessu félagsheimili og úr því þurfti að bæta, en á meðan það var ekki komið þá var bara kennt fram að hádegi og okkur keyrt heim um miðjan dag. Það var nefnilega líka önnur breyting þetta haust, að skólabörnum sveitarinnar var keyrt að morgni í skóla og heim sama dag, en áður hafði verið gíst í „skólanum“ og farið heim um helgar.

En það var fleira sem var öðruvísi við skólahaldið heldur en nú er.

Við komum með nesti og svo var elduð súpa í hádeginu, súpa sem við elduðum sjálf til skiptis. Allir áttu kínskó (muna örugglega ekki allir eftir þeim?) því að gólfíð var kalt og ólakkað og flísar í tær voru daglegt brauð, ef maður var bara á sokkunum.

Einn olíuofn var í húsinu framanaf og hann tók stundum ólundarkast og sótaði eins og enginn væri morgundagurinn og húsið fylltist af sóti og reyk.

Skóladagatal var afstætt hugtak, eða kannski var það hreinlega ekki til, skólinn byrjaði yfirleitt eftir göngur og réttir að hausti og var hætt fyrir sauðburð að vori og til að þetta væri hægt, var kennt nokkra laugardaga eftir áramót svo að reglur um kennslustundamagn væru uppfylltar.

Skólaliði, stuðningsfulltrúi, sérkennari og talmeinafræðingur var eitthvað sem engin vissi að væri til, enda held ég að báðir okkar kennarar hafi bara leyst öll þessi verkefni með snildarbrag og bros á vör.

Skólabílarnir voru gamall rússajeppi og nýlegur Volvo Lapplander báðir algjörlega bílbeltalausir og ekki var endilega verið að velta vöngum yfir því fyrir hversu marga farþega hann var skráður, það fóru bara allir í bílinn sem þurftu og málið var dautt.

Öll lifðum við þetta af og komumst til manns eins og stundum er sagt, vonandi var það ekki bara einskær heppni.

Já, margt er öðruvísi í dag en í þá daga og margt er það nú á betri veg, en einhvernvegin er þetta allt svo yndislegt og frábært í minningunni að stundum skilur maður ekki hversvegna þurfti eitthvað að breyta þessu öllu saman.

En það er ein spurning sem ég hef velt vöngum yfir alveg síðan ég fór fyrst í skólann í október 1979. Hvar pissuðu menn og konur þegar haldnar voru „fullorðins“ samkomur í gamla Stíganda, áður en ákveðið var að breyta honum í skólahús og salernið var smíðað?

Góðar stundir.

Eiður Ragnarsson

SIGURMYNDIN Í LJÓSMYNDASAMKEPPNI DAGA MYRKURS



Ljósmyndin Þórunnarstaðir um miðaftansbil bar sigur úr býtum í ljósmyndakeppninni sem stóð yfir á Dögum myrkurs.

Unnur Malmquist Jónsdóttir er ljósmyndari sigurmyndarinnar en í dómnefnd sátu Ólafur Björnsson, Daniela Pfister og Maciej Pietruńko. Allar myndir voru skoðaðar undir dulnefni á meðan á dómgæslu stóð.

DAGAR MYRKURS FÓRU FRAM Í DJÚPAVOGSHREPPI 30. OKT – 4. NÓV

Dögunum var vel tekið og þátttakan gífurlega góð.

Á þriðjudeginum hófust herlegheitin með draugasögum lesnum af Berglind Einarsdóttur á Bókasafni Djúpavogs. Í beinu framhaldi var draugaganga um þorpið undir leiðsögn Ólafs Áka. Það sama kvöld voru þau allra hugrökkustu sem horfðu á kvikmyndina Ég man þig í fjárhúsunum á Teigarhorni.

Á miðvikudeginum var nóg um að vera. Neisti bauð 1.- 4. bekk í ljósastuð í íþróttasalnum og seinna um kvöldið var boðið upp á ljósasund fyrir 5.-10. bekk. Gleðin var mikil og stuðið vantaði ekki. Faðirvorahlaupið fór fram með sínu upprunalega sniði. Hlaupið hófst hjá Teigarhorni og lauk hjá Rjóðri. En fyrirmynd hlaupsins er frásögn Stefáns Jónssonar í bók sinni Að breyta fjalli þar hann lýsti því þegar hann hljóp þessa vegalengd á þremur faðirvorum, teygðum. Hlauparnir í ár gáfu Stefáni heitnum lítið eftir og stóðu sig stórvel. Fyrstur í mark var Björgvin Sigurjónsson á tímanum 15 mínútum og 31 sekúndu. Jafnir í öðru sæti voru Kristján Ingimarsson og Þórir Stefánsson á tímanum 15 mínútum og 41 sekúndu. Andrés Skúlason ræsti hlaupið með skoti og lögreglan leiddi með ljósum í myrkrinu. Björgunarsveitin Bára fylgdi svo enginn yrði eftir.



Fimmtudagurinn var viðburðurarríkur. Öll mannsbörn Djúpavogs virtust mæta í krakkabíóið í Við voginn, slíkur var fjöldinn. Hryllingskrakkamynd var sýnd og hrottalegar veitingar í boði. Brosandi sykurvíma í hverju andliti. Á sama tíma á öðrum stað, í Tryggvabúð nánar tiltekið, var haldið útgáfuteiti á bókinni Dvergasteinn: Þjóðsögur og sagnir úr Djúpavogshreppi. Alda Snæbjörnsdóttir höfundur bókarinnar og eiginmaður hennar Emil Björnsson, buðu í kaffi og með í. Gestum gafst tækifæri á að kaupa eintak af bókinni áritað af höfundi ásamt því að hlýða á nokkrar sögur upplesnar. Fjöldinn allur mætti og keyptu sér eintak. Seinna það sama kvöld bauð sundlaug Djúpavogs upp á yndislegt kósýkvöld í lauginni með kertaljósum, tónlist og léttum veitingum.

Föstudagurinn var með skrautlegra móti. Búningapema var í bænum og ótrúlegar furðuverur á hverju strái. Foreldrafélag grunnskólans bauð grunnskólanemum á myrkraball í Við voginn og var mikil stemning. Stuðið hélt áfram en færðist yfir á Bragðavelli það kvöldið. Sviðaveisla var haldin með pompi og prakt í Hlöðunni. Sviðakjamar, kaldir, heitir og saltaðir og sviðalappir ásamt dýrindis meðlæti fór vel í lýðinn. Færri gestir komust að en vildu á Sviðaveisluna, slík var aðsóknin.

Laugardagurinn byrjaði með hrekkjavökudögurði í Við voginn sem mjög margir gæddu sér á. Nýir ábúendur Gautavíkur buðu svo gesti velkomna í bæinn og sýndu starfsemi sína og búskap. Ópið var alla helgina hjá þeim og kom fjöldinn allur af forvitnum gestum sem fengu höfðinglegar móttökur. 8.-10. bekkur hræddu næstum líftórana úr þeim gestum sem þorðu á hrekkjavöku í Hálsaskógi. Nemendurnir höfðu skreytt skógin og undirbúið hann í myrkrinu fyrir gesti. Þau seldu kakó og gáfu kex í Aðalheiðarlundi. Á laugardagskvöldinu voru svo börn á vappi um allan bæ að safna sælgæti í fötur en foreldrafélag leikskólans skipulagði grikk eða gott stemningu í þorpinu. Skreytingakeppni húsanna náði þarna hámarki sínu og var aðkoma sumra húsa nokkuð ógurleg fyrir gestina. Allt saman í góðu gamni og góðvild.


Sunnudagurinn var síðasti myrki dagurinn. Hófst hann með þjóðlögum í Tankinum sem flutt voru af Berglind Einarsdóttur. Tankurinn var lýstur upp með kertum og gestir þyrptust að. Kvenfélagið Vaka bauð í ljósagöngu frá Hlíðarendakletti upp Klifið í átt að Olnboganum. Leiðin var öll upplýst af kertum sem leiddu veginn að varðeldi Björgunarsveitarinnar Báru. Varðeldurinn lýsti í framhaldi upp rökkur Olnbogs og hlýjaði gestum á köldu kvöldi. Dögunum lauk svo með kvöldguðsþjónustu, Allraheilagra messu í Djúpavogskirkju.

Á meðan á Dögum myrkurs stóð voru fjölbreytt verkefni og uppbot í leikskóla og grunnskóla. Matseðill Hótelins tók sérstökum breytingum í takt við dagana og undirtektir um allan hreppinn voru góðar. Ljósmyndasamkeppni stóð yfir alla dagana en hana sigraði Unnur Malmquist Jónsdóttir með mynd sinni Þórunnarstaðir um miðaftansbil. Í dómnefnd



sátu Ólafur Björnsson, Daniela Pfister og Maciej Pietruńko og allar myndir voru skoðaðar undir dulnefni á meðan á dómgæslu stóð. Einnig var skreytingakeppni um hræðilegasta húsið í þorpinu sem náði hámarki á laugardagskvöldinu þegar börnin gengu á milli húsa. Þar vann til verðlauna húsið Þórshamar og fengu ábúendur vegleg verðlaun frá Hótel Framtíð.

Djúpavogshreppur þakkar frábæra þátttöku á þessum tyllidögum og alla velvild sem þeir nutu.



DESEMBER Í LEIKSKÓLANUM



- **28. nóvember** byrjar vöfflukaffi – á hverjum miðvikudegi fram að jólum fara sex börn og tveir kennarar í Tryggvabúð og gæða sér á vöfflum með eldri borgurum og öðrum gestum
- **3. desember** byrjum við að spila jólalög
- **4. desember** bökum við piparkökur
- **5. desember** skreytum við piparkökurnar
- **7. desember** bjóðum við foreldrum í piparkökukaffi. Við ætlum að mæta jólaleg þennan dag með jólasveinahúfu / í jólapeysu eða með eitthvað jólalegt
- **13. desember** er jólaball leikskólans
- **19. desember**, náttföt og kósý
- **17. – 21. desember** jólaföndur og rólegheit



SVIPMYNDIR FRÁ DOGUM MYRKURS 2018



KVENFÉLAGIÐ VAKA Á DJÚPAVOGI 90 ÁRA

Þær voru stórhuga konurnar sextán sem hittust sunnudaginn 9. desember 1928 í eldhúsinu hjá Marsilínu Pálsdóttur í Rjóðri á Djúpavogi. Þær voru þar saman komnar til að stofna kvenfélag. Það hlaut nafnið Vaka.

Fyrstu stjórn félagsins skipuðu eftirtaldar konur: Formaður: Marsilína Pálsdóttir, gjaldkeri: Kristbjörg Sveinsdóttir, ritari: Rósa Eiríksdóttir, varaformaður: Sigríður Hansdóttir, varagjaldkeri: Berta Hjæmgaard, vararitari: Þórunn Ingvarsdóttir.

Þegar maður les fyrstu fundargerð þessa nýstofnaða félags er það með ólíkindum hvað þessar konur voru duglegar og hvað þær sáu langt fram á veginn. Það sýna hugmyndirnar sem þær komu með á stofnfundinum.

Allar miðuðu þær að því að betrubæta umhverfið, stuðla að menntun, menningu og þroska, hlynna að framförum og hjálpa þeim sem erfitt áttu.

Þetta kemur glöggst fram í 2. grein í reglugerð félagsins þar sem segir að tilgangur þess sé: 1. Að efla samvinnu og þroska meðlimanna. 2. Að líkna bágstöddum og hlynna eftir megni að framförum á félagssvæðinu, Djúpavogi og Hálsþinghá.



Kvenfélagskonur á Djúpavogi. Frá vinstri að framan: Áslaug Jónsdóttir – Brekku, Antonía Steingrímsdóttir – Hlíðarhúsi, Anna Jónsdóttir – Bjargi, Sigurbjörg Sigurðardóttir – Holti, Frú Brinnens – Búlandsnes, Dagmar Snjólfssdóttir – Borgargerði, Þórdís Stefánsdóttir – Höskuldsstöðum, Karólína Auðunsdóttir – Svalbarði, Frú Ellen, kona Ingólfs læknis – Dölum, Steinunn Tómasdóttir – Geysi. Efri röð frá vinstri: Össi, Örn Ásmundar – Borg, Guðfinna Rósa Eiríksdóttir – Sunnuhvoli, Guðný Kristjánsdóttir – Ási, Kristín Björnsdóttir – Borg, Sigríður Hlöðversdóttir – Sætúni.

Stofnfélagar Kvenfélagsins Vöku:

Marsilína Pálsdóttir	Rjóðri
Kristbjörg Sveinsdóttir	Kaupfélagi
Sigríður Hansdóttir	Hrauni
Guðrún Aradóttir	Framnesi
Anna Jónasdóttir	Bjargi
Guðleif Bender	Framtið
Guðlaug Sigurðardóttir	Sólvangi
Guðrún H. Stefánsdóttir	Hvarfi
Rósa Eiríksdóttir	Sunnuhvoli
Þórunn Ingvarsdóttir	Hvammi
Jónína Hjörleifsdóttir	Lögbergi
Dagmar Snjólfssdóttir	Borgargerði
Karólína Auðunsdóttir	Svalbarði
Guðný Kristjánsdóttir	Ási
Berta Hjæmgaard	Trítón
Helga Stefánsdóttir	Hjalla

Fundur i Vöku voru einu sinni í mánuði og þegar gluggað er i fyrstu fundargerðir félagsins kemur i ljós að þegar á öðrum fundi sem haldinn er 23. janúar 1929 hefur félaginu borist bréf frá Sigrúnu P. Blöndal þar sem hún fer fram á það að kvenfélagið Vaka gangi i Samband austfirskra kvenna. Þarna hafa konurnar engin tök á að ganga i sambandið, eiga tæplega fyrir árgjaldinu sem þarf að greiða. Á fimmta fundi i apríl sama ár er aftur komið bréf frá Sigrúnu þar sem hún er enn að óska eftir að félagið gangi i sambandið. Einnig fer hún fram á að það leggi fram 300 krónur til húsmæðraskólans sem verið var að byggja á Hallormsstað. Er nú þarna farið fram á ansi mikið hjá þessu litla félagi sem var nýstofnað og var að sjálfsgöðu alveg fjárvana en árgjaldið var þá 2 krónur. Engu að síður gefur félagið 75 krónur til húsmæðraskólans veturinn eftir.

Sigrún P. Blöndal er svo að á málga aðild að sambandinu næstu árin. Það er þó ekki fyrr en i maí 1934 að félagskonur ákveða að ganga i SAK og sumarið 1935 fer i fyrsta skipti fulltrúi frá Vöku á SAK fund og var það formaðurinn Marsilína Pálsdóttir sem var kosin til þess.

Þó ræktun og fegrun umhverfis sé hvergi nefnd i lögum félagsins kom strax fram á fyrstu fundunum vilji félagskvenna til ræktunar. Þeim bauðst garðyrkjukona fyrsta sumarið sem félagið starfaði, en sáu sér ekki fært að piggja það sökum fjárskorts. Haustið 1929 fær kvenfélagið tilboð frá Önnu Lúðvíksdóttur á Reyðará, þar sem þeim býðst garðyrkjukona næsta sumar. Ekki sáu þær sér fært að bera allan kostnað af þessu einar og sömdu eftirfarandi tillögu og sendu Önnu Lúðvíksdóttur: *Ef sveitin hér þarf ekki að borga konunni kaup, en aðeins fæði og ferðakostnað, og ef fjórar aðrar sveitir eru i félagi um konuna með okkur, verðum við með.*

Og konurnar höfðu ekki bara hug á að fá garðyrkjukonu til að segja þeim til með ræktun á grænmeti, Þær höfðu líka áhuga á að setja niður trjáplöntur til að fegra umhverfið. Á þeim tíma var þorpið ekki afgirt og þurfti því að byrja á að girða og til þess höfðu þær ekki peninga þó að hugurinn væri mikill. Í gegnum árin er alltaf á fundum verið að minnast á trjárækt en alltaf notar félagið peningana í annað þar sem þeim finnst þörfin vera meiri. Á árunum 1929-1935 sem oft eru kölluð kreppuárin hafði fólk enga peninga aflögu. Og engar vörur voru til. Til dæmis kemur fram í einni fundargerð að girðingarefni fékkst ekki þegar félagið ætlaði að reyna að fá garðstæði til að rækta kartöflur og erfitt er að fá áburð.

Seinna sótti félagið um styrk til hreppsins, sem hann veitti. En aldrei komst garðurinn upp.

Það er í rauninni ekki fyrr en 1986 að draumurinn um skógrækt verður að veruleika en þá settu kvenfélagskonur niður trjáplöntur.

Gróðursett var í brekkuna neðan og innan við Borg (húsið) og í brekkuna þar sem beygt er upp í Borgarlandið. Einnig voru settar niður plöntur meðfram girðingunni í kirkjugarðinum og er þar nú komið gott skjólbelti.

Strax á fyrsta fundi félagsins er til umræðu hvað hægt sé að gera til að afla peninga og kemur þá undir eins í ljós að allt það sem stefnt er á að gera er eitthvað menningartengt. Það má til dæmis sjá að á fyrsta fundinum ákveða konur að kanna hvort hægt sé að koma upp iðnsýningu. Á fundi 2. maí 1929 er rætt um að vera með kaffisölu og koma upp leiksýningu í sambandi við iðnsýninguna. Eitthvað voru konurnar hikandi við að leggja í þann kostnað sem var því samfara að selja veitingar. Svo að það var ákveðið að reyna að komast að því hvort Ströndungar (íbúar á Berufjarðarströnd) og Álftfirðingar (íbúar í Álftafirði) ætli að fjölmenna á sýninguna.

Ekki veit ég meira um þessa sýningu en ljóst er að hún hefur verið haldin því að á aðalfundi 10. des. 1936, eða 7 árum seinna skýrir formaðurinn, Marsilína Pálsdóttir, frá því að Þórhallur Daníelsson kaupfélagstjóri hafi afhent sér 6 krónur og 85 aura sem hann hafi geymt síðan iðnsýningin var haldin 1929 og þar sem að kvenfélagið stóð fyrir sýningunni finnist honum réttast að afhenda formanni félagsins upphæðina.

Ekki var félagið búið að starfa lengi þegar félagskonur börðust í að kaupa spunavél. Hefur hún eflaust komið að góðum notum á þeim tíma. Fólk fékk að nota hana gegn ákveðnu gjaldi á kílóíð af bandi.

Spunavélin var konunum í raun alltaf erfið. Fyrir það fyrsta þurfti mikið pláss fyrir hana og það lá ekki á lausu. Það var dýrt fyrir félagið að borga húsaleigu því ekki var ágóðinn mikill af leigunni. Núna er spunavélin komin á byggðasafnið í Löngubúð hér á Djúpavogi.

Fljótlega var svo líka keyptur vefstóll. Það tók langan tíma að koma á vefnaðarnámskeiði sem meiningin var að halda fljótlega eftir að stóllinn kom, því það voru svo miklir erfiðleikar að fá tvist í uppistöðu. Vefstóllinn var keyptur 1937 en 1939 skellur seinni heimsstyrjöldin á og þá fékkst ekki neitt af neinu. Seinna keypti félagið þrjónavél sem konurnar gátu fengið leigða fyrir ákveðna upphæð.

Menningarstarfsemi hefur alltaf verið í hávegum höfð hjá félagskonum. Lengi vel voru tvær konur kosnar í verkefnisnefnd fyrir næsta fund.

Þeirra verkefni var, að finna efni til upplestrar og á hverjum fundi var lesið ljóð, saga eða kafli úr sögu eftir virtan höfund.

Þetta var í raun og veru tekið upp aftur eftir að félagið var endurreist eins og við köllum það gjarnan, því að á árunum 1972-1977 var mjög lítil starfsemi. Úr þessu rættist á aðalfundi 9. desember 1977 en þá gengu margar konur í félagið.

Framan af öfluðu félagskonur aðallega fjár með kaffisölu og skemmtanahaldi. Oftast varð af þessu einhver hagnaður því það fólk sem hjálpaði konunum tók sjaldnast fyrir sína vinnu.

Á fyrstu árum félagsins voru sett upp leikrit á hverjum vetri. Virðist sem það hafi ekki verið erfitt að fá fólk til að taka þátt í þeirri starfsemi. Kemur það oft fram að þessi eða hinn hafi ekkert viljað taka fyrir að taka þátt í einhverju af þeim leikritum sem sýnd voru. Leikritin sem sett voru upp voru til dæmis: Grái frakkinn, Ærsladrösin, Valbæjargæsin, Sakleysi á flóttu en einnig mörg fleiri.

Fyrsta leikritið sem kvenfélagskonur settu upp var Grái frakkinn. Það var leikið laugardaginn 22. febrúar 1930. Á þessa skemmtun var aðgangseyririnn 1 króna fyrir fullorðna og 50 aurar fyrir börn og kaffibollinn var seldur á 1 krónu.

Þegar konurnar voru með leiksýningar voru alltaf böll á eftir og þá seldar veitingar. Í kringum þessar skemmtanir var gífurleg vinna. Það þurfti að fá allt leirtau lánað í heimahúsum. Bara það að ganga í hús og biðja um að lána bolla tók gífurlegan tíma, því yfirleitt áttu konur ekki fleiri en fjóra til sex bolla og auðvitað þurfti líka að fá sykurör og rjómakönnur, diska, teskeiðar, dúka og bara allt sem þurfti að nota. Vatnið í kaffið og kakóið, sem alltaf var boðið upp á líka, var hitað á olíuvélum og svo auðvitað vatnið í uppvaskið.

Allt vatn þurfti að bera inn og skólpið út, því að engin vatnslögn eða frárennsli var í gamla barnaskólanum en þar voru veitingamar seldar.

Fólk lét sig ekki muna um að ganga upp í skóla úr gamla Neista, samkomuhúsinu, til að kaupa sér kaffi, en engin aðstaða var í Neista til að hafa þar veitingar.

Eftir skemmtunina tók við sama labbið um þorpið með leirtauð og það sem hafði verið fengið lánað en nú til að skila. Ekki létu konurnar þessa vinnu aftra sér frá því að hafa kaffisölu þegar á þurfti að halda.

Í fundargerð frá árinu 1947 segir, að félagið hafi verið beðið um peninga til að koma rafmagni í kirkjuna: „Var þá samþykkt að hafa bara eitt veitingaball til ljósadýrðar kirkjunni.“

Það er svo 1986 sem kvenfélagskonur standa fyrir því að keyptir eru bollar, sykurkör og rjómakönnur. Fóru þær fram á það við hin félögin á staðnum að þau yrðu með í kaupunum. Þau félög sem tóku þátt voru: Lionsklúbbur Djúpavogs, Slysavarnafélag Djúpavogs, Verkalýðsfélag Djúpavogs, Búlandshreppur og Kvenfélagið Vaka. Keyptir voru 108 bollar, 10 sykurkör og rjómakönnur, seinna var svo bætt við þetta.

Fleiri skemmtunum en leikritum hafa Vökukonur staðið fyrir. Má þar nefna Góufagnað sem haldinn var á hverjum vetri í nokkur ár og voru það mjög vinsælar Skemmtanir. Skemmtidagskrá útbjuggu konurnar sjálfar og fluttu. Voru það smá leikþættir og söngur. Oftast var saminn bragur sem var nokkurs konar annáll um þær sjálfar. Veitingar á þessum skemmtunum voru alltaf pönnukök með sykri, upprúllaðar og kleinur. Svo var að sjálfsögðu dansað á eftir.

Í öll þau ár sem félagið hefur starfað, hafa félagsvistir verið vinsælar. Má eiginlega segja að flest árin hafi félagið staðið fyrir félagsvist, oftast þriggja kvölda keppni.

Fleiri samkomum hefur kvenfélagið staðið fyrir sem ekki verða taldar hér. Þó vil ég minnst á Kvenfélagsböllin sem haldin voru í mörg ár fyrir og fram yfir miðja tuttugustu öldina. Þóttu þau með finni dansleikjum sem haldnir voru hér á Djúpavogi.

Í nokkur ár, frá 1986, buðu kvenfélagskonur eldri borgurum staðarins til kaffidrykkju í byrjun árs og var það vel þegið. Til skemmtunar var upplestur, söngur, bingó og stundum dansað.



Álfheiður, Dagmar, Rósa, Rósa Ákadóttir, Sigurbjörg, Sigríður Gústafsdóttir, Björn, Karólína, Erla, Rúna, Antonía, Lauga, Ásdís



Kvenfélagskonur í ferð sinni í Noregi árið 2012

En hvað skyldi nú hafa verið gert við peningana sem safnast hafa í áranna rás?

Kvenfélagskonurnar hér á Djúpavogi hafa löngum hugsað hlýtt til kirkjunnar sinnar. Strax á fjórða fundi félagsins ákváðu þær að hafa hlutaveltu og nota það fé sem inn kæmi til að borga það sem eftir var í kirkjuorgelinu og einnig að koma fyrir kolaofni í kirkjunni. Í framhaldi er svo ákveðið að að setja upp lítið leikrit og sýna á hlutaveltunni til að hafa þetta enn skemmtilegra.

Kvenfélagið keypti fyrstu fermingarkirtlana 1955, svo nýja kirtla aftur 1985, skírnarkjól hafa þær líka gefið og hafa mjög mörg börn verið skírð í honum. Þegar nýja kirkjan var byggð vildu konurnar gefa eitthvað sem væri alltaf sjáanlegt. Ákveðið var því að kaupa ljósakross sem var settur fyrir ofan altarið. Krossinn var unninn í Álfasteini á Borgarfirði.

Það kom fljótlega í ljós þegar nýja kirkjan var komin að þar vantaði ýmislegt. Í gömlu kirkjunni var ekkert safnaðarheimili og nú vantaði leirtau og annan nauðsynlegan búnað svo hægt væri að hafa kaffi, ef á þyrfti að halda í safnaðarheimilinu. Kvenfélagið kom þar að. Einnig lagði það peninga í stólana. Hökull var keyptur og gefinn fyrir ekki mjög mörgum árum, einnig lektari. (Lektari er standur fyrir bók eða blöð, þegar prestur þarf að leggja frá sér bókina t.d. við moldun.)

Kælitæki í líkgeymsluna (sem er í kirkjunni) keypti kvenfélagið og lét setja upp, einnig hljóðkerfi. Það sem nú er verið að vinna að, er að kaupa nýja skál í skírnarfontinn. Af þessari upptalningu má sjá að þarna liggur mikil vinna við fjáröflun að baki.

Heilsugæslustöðin hefur líka notið velvildar félagsins. Fyrstu sjúkrakörfuna sem kom hingað á staðinn, keyptu kvenfélagskonurnar árið 1947 og kostaði hún þá 1 þúsund krónur. Árið 1971 kaupa þær svo aðra körfu og kostaði hún 17 þúsund krónur. Þá fékk Dvalarheimilið Helgafell ýmsar góðar gjafir frá félaginu.

Fljótlega eftir stofnun félagsins eða 1929 fara konurnar að tala um að gera eitthvað fyrir börnin hér á staðnum, svo að þau eyddu ekki eins miklum tíma á götunum, sérstaklega á veturna þegar ekkert er við að vera og væru þau þá oft í félagsskap sem þau ættu að forðast.

Það varð svo úr að þær stofnuðu barnastúku 1930. Ekki er mér kunnugt um hvað sá félagsskapur starfaði lengi en það mun vera upp úr þessari stúku sem Barnafélagið Vorstjarnan er stofnað. Það munu hafa verið kennarar barnaskólans sem unnu mest með börnunum í þeim félagsskap. Barnafélagið Vorstjarnan starfaði fram yfir 1950.

Lengi vel stóð kvenfélagið fyrir barnaskemmtun að vori sem breyttist í Bingó. Allur ágóði af því hefur alltaf runnið óskiptur til barnanna á staðnum í einhverri mynd. Til dæmis hefur leikskólinn Bjarkatún fengið ágóðann til að kaupa leiktæki og annað sem komið hefur börnunum vel og Tónskólinn hefur fengið peninga til að kaupa hljóðfæri.

Einnig hefur Íþróttafélagið Neisti notið góðs af Bingóinu og fengið sinn hluta til styrktar íþróttastarfsemi yngri flokka.

Síðast en ekki síst hefur Grunnskóli Djúpavogs fengið sinn skerf. Til dæmis keypti kvenfélagið alla hluti sem til þurfti til heimilisfræðikennslunnar. Sem sagt allt frá teskeiðum til eldavéla og bókunarofna og einnig þvottavél. Saumavélar gaf félagið líka til nota við handavinnukennslu og búnað til eðlisfræðikennslu.

Árið 1978 er á fundi rætt um að gera leikvöll fyrir yngri börnin, þá var ekki kominn leikskóli á Djúpavogi. Til þess að gera langa sögu stutta þá kom félagið upp leikvelli, en það tók langan tíma fyrir hreppsnefndina að úthluta stað til að setja leiktækin niður. Það gekk því miður ekki vel með leikvöllinn, þar var engin gæsla og skemmdust tækin vegna þess. Árið 1984 er kominn hér leikskóli og leiktækin sem enn var hægt að nota voru gefin þangað.

Ekki ætla ég mér að fara að telja allt upp sem félagið hefur keypt og gefið hér á svæðinu svo víða hefur það látið til sín taka og ótaldir eru allir þeir styrkir sem það hefur veitt einstaklingum og fjölskyldum vegna veikinda og og annarra erfiðleika. En víst er að starfið hefur fært okkur konunum mikla gleði. Í nokkur ár voru útbúnar jólaskeytingar, sem gömlu fólki, sem bjó eitt, voru færðar nokkrum dögum fyrir jólahátíðina. Þetta fullorðna fólk var afskaplega þakklátt fyrir þessa litlu jólaglaðningu. Gamall maður sem bjó hér um tíma, sagði við konuna sem færði honum skreytinguna: „Þetta er það eina sem minnir á jólin hjá mér.“

Við Vökukonur höfum verið duglegar við að halda námskeið. Sýnir það vilja okkar til að læra eitthvað. Hafa það bæði verið sauma- og þrjónanámskeið, einnig nokkur matreiðslu- og bakstursnámskeið. Við höfum líka verið duglegar við margskonar handavinnu- og fönðurnámskeið.

Í mörg ár komu konurnar saman eitt kvöld fyrir bolludag og útbjuggu bolluvendi sem voru svo seldir sunnudaginn fyrir bolludag. Fljótlega var svo farið að selja bollukaffi þennan dag og þá voru vendirnir seldir þar. Þetta gekk mjög vel í nokkuð ár. Eftir það var farið að baka bollur og selja í fyrirtækin og gengur það alltaf mjög vel.

Til félagsins var mikið leitað á tímabili til að sjá um bakstur og kaffisölu við alls konar tækifæri og var þetta oft geysileg vinna fyrir konurnar, því að oft voru aðstæðurnar mjög erfiðar þegar verið var að vinna þetta í húsnæði þar sem ekki var neitt til neins. En alltaf tóku konurnar að sér að sjá um veislumar þegar þær voru beðnar.

Margt fleira hafa konurnar gert til að afla peninga sem ekki verður talið hér. Þó langar mig að minnast á verkið sem við tókum að okkur sumarið 2007, en það var að þvo stikur á Öxi. Stikur höfum við þvegið á hverju sumri síðan.

Margir hafa hugsað hlýtt til kvenfélagsins og sýnt það í ýmsu, til dæmis með því að taka litla eða enga leigu fyrir húsnæði sem við höfum þurft á að halda við hin margvíslegu störf okkar. Nokkrir hafa gefið okkur gjafir.

Kvenfélagið Vaka er góður og skemmtilegur félagsskapur. Konurnar vinna mjög vel saman að öllum málum. Alltaf eru flestar tilbúnar til að vera í nefndum þegar verið er að Vinna að einhverjum málum. Margar konur hef ég heyrt segja að þær hlakki til þegar kvenfélagsfundirnir hefjist að nýju á haustin.

Fundir í félaginu eru alltaf fyrsta þriðjudag í mánuði á tímabilinu október til maí, nema í desember þá er aðalfundurinn og er hann er alltaf 9. á stofndegri félagsins.

Á 80 ára afmælinu fóru Vökukonur í helgarferð til Helsinki í Finnlandi 3.- 6.október. Í nóvember sama ár héldu þær skemmtun á Hótel Framtíð þar sem farið var yfir starfsemi félagsins í leik og söng. Enn hefur ekki verið ákveðið hvernig fagna skuli 90 ára afmælinu. Stefnan er tekin á ferðalag í afmælisgjöf. Við Vökukonur munum halda áfram að vinna að góðum málefnum fyrir félagssvæði okkar eins og segir í 2.grein reglugerðar félagsins frá 1928.

Erla Ingimundardóttir

Við Voginn
Desember
2018

Föstudaginn 7. des.

Jólahlaðborð í hádeginu

Sunnudaginn 23. des.

Skötuþlaðborð

Áramótagleði 31. des



ADVENTAN Í GRUNNSKÓLANUM

Í desember er nóg um að vera í grunn- og tónskólanum eins og aðra daga. Nemendur vinna í því hörðum höndum að ná hæfniviðmiðum í sínum námsgreinum, með dyggri aðstoð starfsfólks í skólanum og foreldra heima. Námsmatsdagar verða 5.-17. desember og síðan verður starfsdagur þann 18. þar sem kennarar klára að gefa einkunnir fyrir haustönnina. Þann 19. desember verða litlu jólin haldin með hefðbundnu sniði; stofujól og síðan jólaball á Hótel Framtíð. Skólarnir fara síðan í jólafrí um hádegi þann 19. desember.

Þó að verið sé að vinna í námsmati í desember verða líka notalegar stundir því við finnum á þessum tíma að nemendur hafa þörf fyrir rólegheit því það getur verið erfitt að bíða eftir jölunum.

Stefnt er á að halda jólatónleika tónskólans um miðjan desember og verða þeir auglýstir sérstaklega þegar dagsetningar liggja fyrir.

Í janúar byrjum við síðan skólastarfið með látum því þá förum við á fullt í að undirbúa árhátíðina okkar. Að þessu sinni setjum við upp söngleikinn Pétur Pan og er undirbúningur þegar hafinn. Við erum þegar farin að útvega okkur leikmuni og alls konar efni í leikmynd og þegar nær dregur munum við eflaust auglýsa eftir alls konar hlutum og þá hefur verið gott að leita til íbúa með það.

Við óskum þess að allir íbúar í litla en dásamlega sveitarfélaginu okkar eigi kyrrláta og notalega aðventu og að sjálfsögðu gleðileg jól. Þökkum samstarfið þetta árið.

Halldóra Dröfn, skólastjóri

Hótel Framtíð Alla daga í desember:

Leppalúðakaffi, grölute, jólaöl, jólasveinakakó og kruðerí.

29.11. – 8.12.

Jólamatseðill

Borðapantanir í síma 478 88 87.

16.12.

Jólatónleikar

Jólin til þín kl. 20:00

Miðasala á midi.is

Sjávarrétta eða hin fræga gúllas súpa kr. 1.890

frá kl. 17:00-20:00

21, 22, 23

Pizza tilboð

12" með 3 áleggstegundum og gosi kr. 2.550 kr.

Frá kl. 18:00 til 20:30.

28, 29, 30

12" Humar pizza kr. 2.850

Tyrkneskt Shish kebab með frönskum og salati kr. 2.850

Frá kl. 18:00 til 20:30.

Dagar sem er lokað

24/12, 25/12, 26/12, 31/12, 1/1

Óskum öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsælsdara á komandi ári.
Þökkum það liðna og hlökkum til ánægjulegs samstarfs á nýju ári.

Með kveðju,
Starfsfólk á Hótel Framtíð

FLOKKUNARTUNNURNAR



Ný og glæsileg flokkunarsamstæð þrýðir nú miðbæ Djúpvogs en styrkur frá Uppbyggingarsjóði Austurlands hlaust til verksins í tengslum við Cittaslow stefnu hreppsins.

Samstæðan er góð leið til þess að halda bænum hreinum og fullkomin birtingarmynd Cittaslow hugmyndafræðinnar. Listamaðurinn Þór Vigfússon var fenginn til þess að hanna samstæðuna og vann hann að verkinu í Bræðslunni. Þór er sjálfur mikill flokkunarsinni og verkefnið átti því vel við hann. Austurfrétt tók Þór tali á dögunum og fékk Bóndavardan að endurnýta þá frétt í anda Cittaslow. „Ég var beðinn um að koma með einhverja hugmynd að þessu en þetta er alls engin uppfinning hjá mér. Ég ákvað bara að hafa þetta eins einfalt og hægt er,“ segir Þór en hefðbundnar ruslatunnur eru inn í samstæðunni til að taka við ruslinu þannig að einfalt er að tæma hana. Efnið var að mestu keypt í byggingarvöruverzlun en þó er þakið úr endurunnu efni, auk þess sem Þór ákvað að tyrfa það og fellur stæðan vel inn í umhverfið.

Þór segir að bæjarbúar og gestir hafi tekið verkefninu vel. „Ég held að þetta sé notað, þó svo ég sjái að stakar tunnur sem eru á staurum stutt frá séu alltaf fullar. Ég held kannski að fólk sé ennþá hrætt við að flokka en einnig er boðið upp á að setja í óflokkað í stæðunni.“

Vandist flokkun í Hollandi

Þór er sjálfur vanur flokkun en hann bjó í Hollandi á áttunda áratugnum þar sem hann vandist því að allt væri flokkað. „Ég var svo aftur þarna úti í kringum aldamótin og þar var sama kerfið ennþá. Mér finnst þetta ganga frekar hægt hérlandis þó að þetta sé að koma. Að mínu viti á bara ekkert annað að vera í boði en að flokka, þetta gífurlega mikla magn sem er urðað er skammarlegt.“

Ástandið hefur breyst til batnaðar

Þór segist halda að almenningur sé þó farinn að henda minna rusli í náttúruna en áður fyrr. „Ég held að það sé nú bara orðið eins og talað er um í laxeldinu, einhverjar slyasleppingar. Það er ekki langt síðan maður mætti bílum á Breiðamerkursandi þar sem föskum eða dósum var hent út um gluggana. Á hvaða forsendum þurfti að losna við þetta úr bílnum? Af hverju var í lagi að hafa það í bílnum meðan flaskan var full en ekki tóm? Við verðum að bera ábyrgð á okkar rusli fram á síðustu stundu og þetta hefur sem betur fer breyst gífurlega til batnaðar á síðustu árum.“

Bóndavardan hvetur alla til að sýna gott fordæmi og flokka einstaka rusl í dagsins amstri og benda gestum okkar á hvar samstæðan stendur.

Philip Vogler hafði orð á því að gaman hefði verið að lesa um ruslaflokkunina og nýgerðu samstæðuna hans Þórs. Út frá því fór að myndast hjá honum vísa sem hann sá fljótlega að gæti orðið dýrkveðin, þ.e. hringhent.

Í hringhendum er innrím þversetis milli annarra kveðu allra línanna (hér -okk-). Að auki er yfirleitt lokarím eins og þekkt er almennt úr rímnaháttum. Bóndavardan þakkar fyrir vísuna en hún telst hringhent ferskeytla:

Fagurt land:

Drullusokkur sitt má ráð,
sýn um nokkuð bæta,
fara í plokk af dug og dád,
drasl að flokka gæta.

GÖMUL MINNI



Í jólablaði Austurgluggans árið 2009 birtist eftirfarandi kvæði, með formála, sem hér er gripið niður í.

Kristín á heima í Sjölyst á Djúpavogi og skrifar: „Undir áhrifum af lestri ljóða fyrri alda, gripnum til endurkynna úr bókaskáp heimilisins um kvöldstund, voru eftirfarandi yrkingar hripaðar niður á jólaföstu 2009.

Hugbótarvísur eru ortar í stíl „lðjuvísu Bjarnar í Flögu,“ eftir Bjarna Gissurarson, prest í Þingmúla í Skriðdal, f.1621, d.1712. Bjarni var dóttursonur Einars Sigurðssonar í Heydölum (1538-1626), sem orti m.a. „Kvæði af stallinum Christi...“ „Jóla ljóðið góðkunna, sem svo hefst: „Nóttin var sú ágæt ein,“ með viðlaginu „Með vísnaðsöng eg vögguna þína hræri,“ en viðlög voru algeng í kveðskap á þessum tíma.“

Kvæðið er birt hér, lítillaga endurskoðað.

Hugbótarvísur í garði

Dótt árangri vart ætíð góðum náí
né verði arður alla tíð
af öldnum garði, - ár og síð,
víst eg grösín vegsama og dáí.

Fegurð hans og fullkomnun eg þrái;
sumar, vetur, vor og haust
vinnist betur, - endalaust;
víst eg grösín vegsama og dáí.

Ei þó prýði punturinn hér flái,
yfir gnæfi blómabeð,
bráðum kæfi, - fyrirséð.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Illu heilli útrás skæð á stjái.
Fellur illa aumri mér
yfirgangsins trölla-her.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Um ósættið við almættið svo tjái;
hví jafnvel stríði grösín græn,
hví gráti, líði börnin væn?
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Hlusta eg og hljótt að svörum gái.
Er sefur rótt, þú sála mín,
sigrar ljósið, nóttin dvín.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Áfram held og iðin fræi sái.
Baráttan er býsna hörð.
Blöðin visna, - næra svörð.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Sól í heiði, himinn fagurblái
lætur blómabreiðurnar
brosa á leiðum alstaðar.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Til jarðar drýpur dökk af hverju strái.
Yndi gagnlegt, ár og síð,
allt svo fagni, hverja tíð.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Við mér blasir veruleikinn grái.
Líst mér myrkust nóttin nær.
Nístir haustið, frost og snær.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Dótt lífsgátu vart leysi hugur knái
vekur ljósið vetrarjörð
vorsins rós um holtaborð.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Óska eg að iðnar hendur fái
og telji verðan yndisard
að erja jarðar fallinn garð.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Hið illa mun þá eigi sigra, spái.
Efli lið á allri jörð
alheimsfrið og sáttargjörð.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Svofellt mál um síðir út svo kljai.
Orð mín vorri eyði nauð.
Arður jafn. - Ei þverri brauð.
Víst eg grösín vegsama og dáí.

Á hinstu stundu huggun mín eg sjái
heimablóm við himnafrið;
hæsta dóm þá segi við:
víst eg grösín vegsama og dáí.
Ávaxtaði þó eigi pund.
Iðrast hlýt við þennan fund.
Af heimi vorum hatur, illska brái.

Kristín Sigfinnsdóttir

HULDUMAÐUR Á DJÚPAVOGI

Hér kemur lítið sýnishorn úr bókinni; Dvergasteinn, þjóðsögur og sagnir úr Djúpavogshreppi, sem kom út um miðjan október. Ég vil þakka fyrir ákaflega góðar móttökur á kynningu bókarinnar 1. nóvember á Dögum myrkurs á Djúpavogi, en einnig fyrir mjög jákvæð viðbrögð og velvilja gagnvart bókinni frá öllum sem ég hef heyrt í.

Með góðri kveðju. Alda Snæbjörnsdóttir.



Huldumaður á Djúpavogi

Á árunum 1894 til 1907 bjuggu hjónin Eyjólfur Jónsson og Sigurbjörg Einarisdóttir í Borgargarði á Djúpavogi ásamt börnum sínum. Eyjólfur var þá ráðsmaður hjá Stefáni Guðmundssyni faktor. Guðjón var elstur barna þeirra fæddur árið 1886, og kemur hann við þessa sögu, en Ingibjörg systir hans segir frá:

„Þeir komu einu sinni neðan úr landi pabbi og Guðjón um morguntíma. Þeir voru að smala, það hafði farið eitthvað út af fénu. Þeir fóru ofan eftir, ofan í Mýrar sem kallaðar voru, það voru innri mýrarnar inn hjá Grænhraunum. Þegar þeir koma heim að innri hlöðunni, Stefánshlöðunni sem kallað var í Borgargarði, þá sjá þeir hvar maður kemur upp túnið neðan úr Vatnshraunum svokölluðum og hann gengur hart. Hann er svona í meðallagi stór, heldur þrekinn, svo pabbi hugsar með sér, þetta er einhver ókunnugur maður. -Við skulum tala við hann, segir Guðjón, og vita hver þetta er. Svo hlaupa þeir í veg fyrir hann, þegar hann kemur fram hjá steini sem stendur í Borgartúninu ... Hann gengur fram hjá steinum [og] hann fer upp eftir. Það er klettabelti og svo er sléttur klettur þar, alveg hreint sléttur að framan. Þeir fara á eftir honum, [en] hann opnaði hurð og hvarf inn í klettinn. Þeir sögðust geta svarið það fyrir guði og mönnum að það væri satt. En hann ansaði þeim ekki hvernig sem þeir töluðu til hans, þeir sáu svona á vangann á honum. Það var alveg bjart engin þoka og ekki neitt sagði hann pabbi. Guðjón minntist oft á þetta“. (SÁM 92/3053). Ingibjörg Eyjólfsdóttir í Hrauni á Djúpavogi. Dvergasteinn..., bls. 94



Lausnin á lífinu er að búa sér til góða fortíð.

Knús á alla,

Reynir Katrínar

Jóladagskrá Djúpavogshrepps



Föstudagur 30. nóvember

16-18:00 Jólaföndur grunnskólans
18:00 Jólahláðborð 60 ára og eldri í Tryggvabúð

Laugardagur 1. desember

11-12:00 Íþróttaskólinn. Hvítt þema
14:00 Hátíðardagskrá í Löngubúð
15-16:00 Notó í Vogshúsinu
19:00 Aðventuhláðborð í Hlöðunni á Bragðavöllum
* Síðasti dásaoðnunardagurinn fyrir jól

Sunnudagur 2. desember

11-13:00 Jólaföndur í leikskólanum
17:00 Tendrun jólatrésins
* Messa í Djúpavogskirkju

Þriðjudagur 4. desember

18-20:00 Jólabaðar Kvenfélagsins Vöku í Löngubúð

Föstudagur 7. desember

12-13:00 Jólahláðborð í Við Voginn
* Snyrtistofan Alda á Djúpavogi
* Piparkökukaffi í leikskólanum

*Djúpavogshreppur
óskar íbúum
sveitarfélagsins
glédilegrar hátíðar
og farsældar á nýju ári*

Laugardagur 8. desember

11-12:00 Íþróttaskólinn, Jólasveinapema
 15-16:00 Notó í Vogshúsinu
 17:00 Ilmur af jólum. Tónleikar Heru Bjarkar
 í Djúpavogskirkju

Sunnudagur 9. desember

13-14:00 Sunnudagsskóli í Djúpavogskirkju
 *Aðalfundur Kvenfélagsins Vöku

Mánudagur 10. desember

*Stjörnuhár á Djúpavogi

Miðvikudagur 12. desember

*Jólabingó Neista

Fimmtudagur 13. desember

*Jólaball leikskólans
 *Adventukvöld í Djúpavogskirkju

Föstudagur 14. desember

18:30-20:30 Hangikjötsveisla Björgunarsveitarinnar Báru

Laugardagur 15. desember

11-12:00 Íþróttaskólinn. Jólátími
 15-16:00 Notó í Vogshúsinu

Sunnudagur 16. desember

13-14:00 Jólátréssala Skógræktarfélag Djúpavogs
 í Hálsaskögi
 20:00 Jólin til þín. Tónleikar á Hótel Framtíð

Mánudagur 17. desember

17:00 Litlu jólátónleikar Tónskólans í Löngubúð

Miðvikudagur 19. desember

*Litlu jólín í grunnskólanum
 *Náttfatadagur á leikskólanum

Sunnudagur 23. desember

12-13:00 Skötuveisla í Við Voginn

Mánudagur 24. desember

18:00 Aftansöngur í Djúpavogskirkju

Laugardagur 29. desember

13-22:00 Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru
 15-17:00 Jólaball á Hótel Framtíð

Sunnudagur 30. desember

13-22:00 Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru

Mánudagur 31. desember

10-14:00 Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru
 17:00 Áramótabrenna Neista
 *Áramótageði í Við Voginn. Nánar auglýst síðar



Hótel Framtíð í desember - tilboð og jólastemming:
 Leppalúðakaffi, grýlute, jólaöl, jólaveinakakó og
 kruderi í allan desember
 Jólamatseðil frá 29.11 – 8.12

HERA BJÖRK

ÍLMUR AF JÓLUM

Í BORG OG BÆ

ESKIFJARÐARKIRKJA
6. DESEMBER KL. 20:30

SÉRSTAKIR GESTIR:

ANDRI BERGMANN OG FJARÐADÆTUR
ÁSAMT BARNAKÓR FÁSKRÚÐSFJARÐAR
UNDIR STJÓRN VALDIMARS MÁSSONAR.

EGILSSTAÐAKIRKJA
7. DESEMBER KL. 20:30

SÉRSTAKIR GESTIR:

NANNA IMSLAND, ANDRI BERGMANN OG
FJARÐADÆTUR ÁSAMT KÓR FELLASKÓLA
UNDIR STJÓRN DRÍFU SIGURÐARDÓTTUR

DJÚPAVOGSKIRKJA
8. DESEMBER KL. 17:00

SÉRSTAKIR GESTIR:

GRETA MJÖLL SAMÚELSDÓTTIR OG
FJARÐADÆTUR ÁSAMT BARNAKÓR
DJÚPAVOGS UNDIR STJÓRN SIGRÍÐAR
STELLU.

HAFNARKIRKJA, HÖFN
9. DESEMBER KL. 17:00

SÉRSTAKIR GESTIR:

PÓRDÍS IMSLAND ÁSAMT BARNAKÓR
TÓNSKÓLA AUSTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
UNDIR STJÓRN MARÍU RUTAR
BALDURSDÓTTUR.



MIÐAVERÐ 4.500 KR.
SAMA VERÐ UM ALLT LAND

MIÐASALA ER Á
midi.is
OG VIÐ INNGANG

ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ERLENDA ÍBÚA

Flest eigum við vini eða ættingja sem hafa búið eða búa erlendis og sum okkar hafa notið þeirra forréttinda að hafa búið í útlöndum í lengri eða skemmri tíma. Upplifunin er auðvitað margskonar og móttökur heimamanna misjafnar. En hvernig tökum við á móti okkar gestum? Hvernig er að vera útlendingur á Djúpavogi?

Frá því að ég flutti hingað árið 2001 hef ég af og til tekið að mér að kenna útlendingum íslensku. Í dag sjá starfsmenn Austurbrúar um að skipuleggja námskeiðin og ég er ráðin sem verktaki til að sinna kennslunni. Hvert námskeið er 40 klukkustundir eða 20 skipti, tveir klukkutímar í senn. Í haust fór aðsóknin fram úr öllum væntingum svo skipta varð námskeiðinu í tvennt, fyrir byrjendur og lengra komna, en í heildina eru nemendur 30.



Tímamismunur á milli Íslands og þeirra landa sem nemendurnir koma frá er oft mikill og þess vegna vakna þeir oft á nóttunni til að ná að tala við sína nánustu, áður en farið er til vinnu. Það er því aðdáunarvert hversu áhugasamir og duglegir nemendurnir eru þegar þeir koma í íslenskutíma eftir langan og strangan vinnudag. Ég reyni eftir bestu getu að hafa námið eins fjölbreytt og lifandi og kostur er. Við förum m.a. í leiki, spilum Bingó, syngjum og dönsum. En til þess að námið nýtist sem best þurfa nemendur að æfa sig og besta æfingin er að tala íslensku við Íslendinga. Við erum alltof snögg að skipta yfir í ensku jafnvel þó að viðkomandi tali enga ensku. Margir útlendingar segjast hafa lært meira í ensku en íslensku á Íslandi.

Það þarf töluverða þolinmæði til að reyna að tala íslensku við erlenda íbúa og skiljanlegt að margir gefist upp og leiti í enskuna. En á sama tíma heyrir ég marga Íslendinga fjargviðrast yfir kunnáttuleysi útlendinganna, hversu lengi þeir eru að ná tungumálinu og að þeir hópi sig saman og aðlagist illa íslensku samfélagi. En hvernig eru Íslendingar í útlöndum? Erum við almennt dugleg að læra erlend mál á erlendri grundu? Og hvað með öll íslenskufélögin á Norðurlöndum, íslensku kórana sem starfræktir eru víðsvegar í Evrópu og að ég tali nú ekki um Vestur - Íslendingana sem allir dásama fyrir að halda svo lengi í íslenska tungu og menningu? Auðvitað þurfa þeir sem kjósa að búa á erlendri grundu að aðlagast landi og menningu og til þess að gera það er grundvallaratriði að læra tungumálið. Það er sjálfsagt að gera þær kröfur um leið og það er eðlilegt að fólk haldi í sínar venjur og hefðir að einhverju leyti.

Miðað við aðsóknina í haust bendir allt til þess að hægt verði að hafa framhaldsnámskeið eftir áramót. Námskeið sem þessi gera nemendur ekki fullnuma í íslenskri tungu, en hjálpar erlendum íbúum að læra grundvallaratriðin og komast betur inn í samfélagið. Ég hvet fólk til að styðja þá í þeirri viðleitni svo það verði áfram gott að vera útlendingur á Djúpavogi.

Með kveðju
Berglind Einarsdóttir

Aðventuhlaðborð í Hlöðunni á Bragðavöllum 1. des.

Forréttir:
Graflax
Grafið ærfille
Villibráðarsúpa

Aðalréttir:
Lambalæri
Purusteik
og
margbreytilegt meðlæti

Eftirréttir:
Creme Brulle
Ostakaka
Súkkulaðikaka

Hlaðan opnar kl 19:00

Borðapantanir í síma 898 6056 og 866 1735 og þurfa pantanir að berast fyrir kl 12:00 miðvikudaginn 27.nóv.

Verð 6.900.-

KRISTRÚN Í DVERGASTEINI SEXTUG

„Ég eyði ekki tíma í að öfunda aðra“

Kristrún Björg Gunnarsdóttir varð sextug 6.nóvember og fagnaði því í Reykjavík með fjölskyldunni sinni. „Ég var fyrir sunnan hjá krökkunum og afmælisdagurinn var alveg æðislegur. Krakkarnir plötudu mig í Ikea og ég ætlaði sko ekki að nenna með þeim en þau drógu mig með“ segir Kristrún og hlær. „Svo plataði Gunnar mig til að kíkja með sér á borð í húsgagnadeildinni. Á leiðinni þangað var staldrað við hægindastólana eins ég hef gert í nokkur ár og sest í stólinn sem mig hefur langað í svo lengi og við setjumst alltaf í. Svo spurðu krakkarnir hvaða lit mig langaði? Ég kom alveg af fjöllum og svaraði gráan. Þá kom það á daginn að stólinn vildu þau gefa mér í afmælisgjöf. Svo yndisleg gjöf og ekki grunaði mig neitt“. Stefnan var síðan tekin á lambalæri og brúnaðar um kvöldið, bara fjölskyldan. „Við Sigvaldi mættum kl. 18 eins og rætt var um en þá tók á móti mér hópur af fólki syngjandi afmælisönginn“. Kristrún sagðist hafa gapað af undrun, algjörlega grunlaus um skipulagið. Vinir og fjölskylda saman komin fögnuðu afmæli Kristrúnar með henni frameftir kvöldi, borðuðu vandaðan fingamat og áttu góða samveru. „Krakkarnir, bróðir minn og mágkona höfðu skipulagt þetta í þaua án þess að mig grunaði neitt. Þetta var alveg dásamleg helgi, frá A-Ö“ segir Kristrún og brosir. Svo tilfinningin er góð að vera orðin sextug? „Já, bara æðisleg, ég er alveg eins“ segir Kristrún og hlær. Aðspurð að því hvernig var að alast upp á Djúpavog segist hún hafa átt mjög góða barnæsku „hér er dásamlegt að vera barn. Mínar fyrstu minningar eru frá fyrsta heimilinu mínu en húsið okkar þá, Höskuldssaðir, stóð upp á kletti, eiginlega beint fyrir ofan Reynihlíð. Húsið var lítið og þar var ekkert rennandi vatn, kamar stóð úti við og þarna á ég afar góðar minningar. Ég sat oft sem smástelpa í sætinu undir Brennikleppi og horfði yfir höfnina og mannlífið. Það var alveg dásamlegt“. Árið 1964 flutti fjölskylda Kristrúnar í Lögberg á meðan foreldrar hennar byggðu Dvergastein. Það var svo árið 1968 að þau fluttu í Dvergastein og þá bjó Kristrún í húsi með salerni og baðaðstöðu í fyrsta sinn, þá að verða 10 ára gömul. Þá færðust leikirnir í fjöruna og klettana niðri í hinum enda bæjarins.

Skólagöngunni lýsir Kristrún sem góðri og lauk hún þeim skóla sem hér var í boði til 15 ára aldurs. „Ég byrjaði snemma að vinna á sumrin, frá 11 ára aldri, í rækju, humri og fiski. Ég vann við það öll sumur og svo tók við full vinna í frystihúsinu eftir útskrift úr barnaskóla. Síðan vann ég í síld, kaupfélaginu og á hótelinu til skiptis“. Árið 1976 fór Kristrún, ásamt vinkonum sínum Önnu Sigrúnu og Svandísi, í hússtjórnarskólann í Reykjavík. Þar dvöldu þær í heimavist á Sólvallagötunni allar saman. Kristrún lýsir þessu sem afar skemmtilegum tíma. Seinna lá leiðin aftur til Reykjavíkur en þá lærði hún til matsveins í Stýrimannaskólanum. Matseld hefur greinilega alla tíð átt vel við Kristrúnu og er mikilvægur partur í lífi þeirra Sigvalda. „Við gerum alltaf bjúgu, slátur, saltkjöt og hangikjöt og svona sitthvað annað“ en hér er 500 lítra frystikista sem fyllt er á ári hverju. „Tala nú ekki um 250 lítra frystiskápinn sem er líka alltaf fylltur“ segir Kristrún og hlær. Í ofanálag nostrar Kristrún við sultur af öllum gerðum, hlaup og sýróp. Sannkölluð töfrakona í eldhúsinu. Blóðþönnukökur Kristrúnar þekkja flestir Djúpavogsbúar en þær eru orðnar sjaldséð sjón í nútímamatseld. Þær vekja gríðarlega athygli og hafa meðal annars ratað alla leið á síður Séð & Heyrt. Utan við matseldina eru helstu áhugamálin hannyrðir og er Kristrún dugleg að þrjóna og hekla. Hér er greinilega mikil lista- og handverkskona á ferð.

Eiginmanni sínum, Sigvalda Júlíusi Þórðarsyni, kynntist Kristrún á Djúpavogi þegar hann var hér á vertíð og Kristrún vann á hótelinu. „Ég man nú ekki nákvæmlega hvort það var árið '83 eða '84 sem við kynntumst“ segir Kristrún og hlær. Börnin komu svo árin 1985 og 1988, Gunnar og Fríða Margrét. Fjölskyldan blómstrar og barnabörnin núna orðin 4. Aðspurð hvernig tilfinningin sé að bæði börn hennar séu búsett í Reykjavík segir Kristrún það vera bara eins og lífið er og hún velti sér ekki uppúr því sem hún geti ekki breytt. „Ég hef það alltaf hugfast að hugsa ekki um það hvað ef. Lífið er alltof stutt til að velta sér uppúr því hvernig hlutirnir gætu verið öðruvísi. Ég held að svoliðis þankagangur valdi manni bara angist og ama.“ Kristrún stendur sig í ömmuhlutverkinu eins og öllu öðru og fer reglulega til Reykjavíkur til að eyða tíma með þeim og passa fyrir oft upptekna foreldrana. Kristrún hefur alltaf nógu að sinna. Hún hefur alla tíð verið virk í félagsstörfum í þorpinu. „Ég var einna mest í félagsstörfum áður en að börnin komu. Þá héldum við böll í Neista, ég var á fullu í Kvenfélaginu og sjómennadagurinn var skipulagður í þaua. Alltaf nóg að gera“.



Kristrún með foreldrum sínum Gunnari Árnasyni og Hólmiðri Jónsdóttur



Kristrún við eins árs aldurinn



Kristrún á Njarðargötunni í Reykjavík er hún lærði til matsveins 22.ára



Kristrún vann í Bjarkalundi sumarið 1983. Kakan féll og fór á hausinn

Þetta breyttist svo þegar börnin komu en enn þann dag í dag er Krístrún alltaf með nokkra „hatta“. Hún er í Kvenfélaginu Vöku ásamt því að vera í sóknarnefnd Djúpavogskirkju og hringir þar kirkjuklukkum. Krístrún sækir þrjónakaffið með fleiri konum vikulega og svo slær hún ekki slöku við fyrir utan rörahlíðið og situr í stjórn AFL stéttarfélags.


Hvernig verða svo jólin hjá ykkur í Dvergasteini? „Þau verða nú í Reykjavík eins og síðustu tvö ár hjá börnunum okkar. Við erum komin með yndislega íbúð sem við dveljum í og getum átt jólin með krökkunum“. Það er nú ekki við því að búast að Krístrún og Sigvaldi fari tómhent í bæinn um jólin enda fylgja jólahefðirnar með. „Við tökum með okkur hangikjötið okkar og vaninn er að hafa rjúpur á gamla mátann. En það hefur ekki verið gengið að því vísu að fá þær síðustu ár svo við sjáum hvað setur. Síðustu jól vorum við hjá Gunnari og fjölskyldu á aðfangadagskvöld svo við verðum hjá Fríðu Margréti þetta árið. En svo komum við heim og verðum í Dvergasteini um áramótin“.

Þegar þú horfir þú til baka á 60 árin ertu þá ekki bara nokkuð ánægð með þetta? „Jú það er nú ekki hægt að vera annað. Ég allavega horfi ekki til baka og velti mér uppúr því hvað hefði getað verið öðruvísi. Slíkt er bara tímaeyðsla og veldur bara vanlíðan. Ég eyði ekki tíma í að öfunda aðra, ég hef aldrei fundið fyrir henni og held að hún sé slæmur sjúkdómur. Ég er mjög þakklát fyrir að vera svoleiðis. Líka sem krakki, því það var jú misjafnt hvað börn fengu og ég fékk ekkert allt. Ég var gríðarlega heppin að alast upp á þessum yndislega stað sem Djúpivogur er og það hefur ekkert breyst. Hér held ég að sé enn alveg dásamlegt að fá að alast upp og vera barn. Ég hef margs að hlakka til og þessa stundina er ég til dæmis orðin afar spennt fyrir jólnum, komin með íbúð og hlakka til að eyða jólnum í kringum krakkana“.

SAGAN AF VILLTA KETTINUM OG FJÁRHÚSINU



Matthías og fjárhúsin



Dýrgripurinn. Teikning eftir Matthías Mána

mætti ég fá einn hermann” spurði strákurinn Óðinn. “Já” sagði Óðinn. “Hvaða hermann viltu?” “Þór” sagði strákurinn. “Humm, okei” sagði Óðinn. Svo kom Þór með Mjölni. “Ég og Þór ætlum að ná dýrgripinum til baka!” sagði strákurinn.

Höfundur: Matthías Máni Rúnarsson, Teigarhorni. 10 ára.

Það byrjaði 1906. Einu sinni var maður sem bjó á Teigarhorni. Hann átti engin dýr en einn daginn fór hann út og sá villtan kött. Og hann gat ekki ímyndað sér hver átti þennan kött. Svo elti hann köttinn og sagði maðurinn: “Af hverju þetta fjárhús?” og hélt áfram. Svo fór kötturinn í lítið gat og sást ekki meir. Og svo opnaði maðurinn hurðina sem var á fjárhúsinu. Svo hvarf hann.

Strákur var að flytja á Teigarhorn svo þegar þau voru að flytja inn sá strákurinn fjárhúsið og spurði mömmu og pabba “Má ég skoða fjósið þarna?”. Foreldrarir sögðu: “Já en farðu varlega.” “Uuuuhh... okei”, sagði strákurinn. Svo fór strákurinn út og allt í einu sá hann villtan kött. Strákurinn faldi sig og elti köttinn og horfði í lítið gat og þar vvvvvoru beinagrindur og kötturinn var þar að mjálma. Strákurinn hljóp heim og sagði mömmu og pabba allt sem gerðist. Svo sagði pabbi “Það eru engar beinagrindur í þessu fjárhúsi”. “Allt í lagi”, sagði strákurinn. Svo fór hann að sofa en svo breytti pabbinn um útlit niðri. Hann var kötturinn.

Daginn eftir sá strákurinn að pabbi sinn var að fara út í fjárhús. Hann sá að pabbi sinn hafði opnað hurðina. Strákurinn kíkti í gatið og sá Loka hinn slæga. Hann breytti sér í kött og svo í pabba hans. Hann sá alvöru pabba sinn bundinn og svo fór Loki hinn slægi í hringlótt gat sem flutti hann til Miðgarðs þar sem voru jötnar og svo til hinnar miklu Valhallar. ...Eitt sem ég gleymdi að segja ykkur var að strákurinn kann mikið í norrænni goðfræði.... Strákurinn fór inn í fjárhúsið og leysti pabba sinn. “Strákur fljótur. Farðu og bjargaðu dýrgripnum (sjá mynd)”. Strákurinn fór inn í hringlóttu flutningstækið. Þá rættust draumar hans en hann fór til Valhallar. Hann bankaði á hurðina og þá kom Frygg. “Hæ Frygg” sagði strákurinn. “Hvað segir þú gott”. Strákurinn hitti inni í höllinni Heimdall og segir við hann að hann þurfi að gefa Óðni slæmar fréttir. “Óðinn, ég tilkynni hér með að Loki hefur stolið dýrgrip sem var í okkar heimi”. Strákurinn sýnir Óðni mynd af dýrgripnum. “Þetta er drekakneisið. Það skemmir heimana níu. Kannski stal hann þessu þar sem hann mátti ekki vera konungur Valhallar í Ásgarði”. sagði Óðinn. “En við verðum að ná því aftur áður en hann skemmir heimana níu” sagði strákurinn. “Hummm.. aha...”

1918



Hvernig skyldi Djúpvogur hafa litið út árið 1918? Setjum okkur í þau spor að vera stödd á Djúpavogi þann 1. Desember árið 1918. Ef maður hefði verið staddur á þeim slóðum sem Landsbankinn er núna og litið upp aurinn hefði ekki margt að sjá, og þó. Gamla kirkjan var á sínum stað og leit alveg ágætlega út miðað við hvernig hún lítur út í dag. Húsið mitt, Ekra var ekki á sínum stað en lítill torfbær stóð örlítið ofar á aurnum og það var á þeim tíma kallað Ekra. Hraun mátti sjá grilla í uppi í brekkunni og þar bjó séra Jón Finnsson. Á tüninu fyrir neðan voru kannski tveir strákar um fermingaraldur, klæddir í brúnleitar buxur og peysur með vettlinga og húfur að eltast hvor við annan grýtandi snjóboltum sitt á hvað.

Aðeins vestan við Hraun stóð gamli Sólhóll svartur að lit, eilítið minni en sá Sólhóll sem við þekkjum í dag en þó á tveimur hæðum. Hamarshögg bárust frá húsinu en úti við var maður að smíða eða laga eitthvað húsgagn. Þetta hlýtur að hafa verið Lúðvík Jónsson sem byggði Sólhól, já og Hraun, já og Geysi, já og Framtíðina.

Næst förum við í áttina að Löngubúð, en leiðin lá eftir slóða milli Geysis og Löngubúðar. Sjitt hvað þetta var allt öðruvísi en þetta er í dag. Hvar eigum við að byrja? Frá Brennikleppi réttisælis var þetta einhvern veginn svona. Tvö lítil kot komu svo næst, Miðhús voru upp á hæðinni, þá kom Hlíðarendi undir klettinum og milli þeirra voru fjárhús og þarn næst kom svo Geysir og auðvitað voru kindur úti við að kroppa í heytuggu sem hafði verið hent á þvottaplanið, eða þú veist, það svæði.

Geysir var í góðu standi enda ekki nema svona 10 – 12 ára gamalt. Þarna bjuggu víst Karl og Ingimundur Steingrímssynir með fjölskyldur sínar en þeir eiga marga afkomendur hér á Djúpavogi, t.d. var Karl afi hennar Þórlaugar Másdóttur og Ingimundur var langafi Drafnar og Ránar og Ölfu, hann var líka símstöðvarstjóri hér þennan dag sem ég var að þvælast þarna. Já og þarna í Geysi var líka pósthjónustan, þarna fær fólk fréttir. Fréttirnar um að Heimstyrjöldin fyrri hefur komið með bréfi þangað, fréttin um spænsku veikina sem ennþá geisar í Reykjavík, fréttin um að Kötlugosinu sé nú nýlokið, fréttir af hafis og hörðum vetri í upphafi árs allt hefur þetta farið í gegnum Geysi.

Hinum megin við Löngubúð var Síberían og svo Faktorshúsið örlítið lengra frá Síberíunni stóð svo vindmylla. Krambúðin svokallaða, stórt en frekar niðurnítt hús stóð svo neðan við Kallabakkann. Hinum megin við voginn var smelterið, Framtíðin og Suðurkaupstaðurinn, reisulegt svart hús á tveimur hæðum uppi á bakkanum við enda vogsins. Hefur einhver hugsað út í þessi nöfn, mér finnst þó alveg stórskemmtileg og sennilega eru ekki margir bæir á Íslandi sem geta státað af jafn skemmtilegum húsanöfnum, Trítón, Framtíð, Síbería. Takið ykkur smá tíma til að hugsa um þetta, mikið væri nú frábært ef Suðurkaupstaðurinn, Krambúðin, Síberían og Vindmyllan væru ennþá til árið 2018. Prófið að loka augunum og sjá þetta fyrir ykkur.

Engin hús voru upp í klettunum þar sem nú er Vörðugatan og grunnskólinn en túnblettir voru fyrir austan klettana þar sem Rarik skemman og skemman hans Þráins standa núna og einhver smá hús þar stutt frá. Ekkert mastur uppi á Bóndavörðu en varðan sjálf var þar. Úr flestum húsunum, sem mér fannst flest voðalega lítil liðaðist reykur en flestir hafa nú sennilega hitað húsin sín með því að brenna mó og það var nú bara nokkuð vinalegt að finna sæta reykarlyktina liggja um þorpið í logninu og frostinu þennan dag. Kol og Koks voru geymd í kofaskrifli milli Löngubúðar og Geysis en fæstir höfðu efni á því að leyfa sér þann munað að brenna slíkan varning til að hita húsin sín.

Á voginum sjálfum voru nokkrir litlir bátar við ból og líka uppi í fjörunni við enda vogsins. Þrjár litlar trébryggjur teygðu sig smá spöl út í voginn, ein út frá verslunarhúsunum, ein við enda vogsins út frá Suðurkaupstaðnum og ein austan vogsins framan við smelterið. Þarna vakti sérstaka athygli trébátur um 15 m langur sem hét Síðu-Hallur, mikið væri nú gaman ef maður gæti tekið þennan með sér til ársins 2018.

Langabúðin var öðruvísi þá miðað við hvernig hún er í dag en samt mátti finna kunnuglega tjörulykt þar. Þegar ég var staddur þarna var hún rekin af fyrirtæki sem hét Örum og Wulff og var upphaflega stofnað af tveimur Dönum að nafni Niels Örum og Jens Wulff.



Þegar inn var komið blasti við afgreiðsluborð og bak við afgreiðsluborðið stóð snaggaralegur lágvaxinn maður, Þórhallur að nafni, og bak við hann voru hillur með ýmiskonar varningi. Olíulampi hékk á veggnum við afgreiðsluborðið og einnig logaði á kerti, sem sennilega var búið til úr tólgu og fífupráðum, og þetta bjó til nægilega birtu til að sjá handa sinna skil í búiðinni. Úrvalið af vörum var svo sem ekki neitt miðað við það sem nú tíðkast. Sú matvara sem hægt var að fá hjá Örum og Wulff var eingöngu þurrvara. Hveiti, sykur, rúgmjöl, haframjöl, salt, rúsínur, sveskjur, hrísgrjón, kaffibaunir óbrenndar, export, pipar, kanilstangir, allt selt í lausu eftir vigt. Kannski er það eitthvað sem við nútímafólkið getum tekið okkur til fyrirmyndar til þess að minnka umbúðafargan og þá kannski sérstaklega plast. Ýmislegt fleira var hægt að fá en nútímafólki hefði þótt úrvalið bísna fátæklegt en þarna mátti sjá vörur eins og tóbak, eldspýtur, steinolíutunnu, sagir, nagla, tvinna, nálar, grænsápu, byssupúður, kaffikvarnir og efnisstranga.

Ef maður hefði svo kvatt Löngubúðina og haldið af stað inn í sveit hafði maður gengið til baka fram hjá Mörk og Vegamótum eftir slóða upp Klifið og upp að Hvíldarkletti. Engin hús voru sjáanleg þar sem nú er Borgarland en á svæðinu þar sem húsið þeirra Magnúsar og Bjarkar er nú, var myndarleg tjörn með spegilsléttu skautasvelli. Aurtjörnin. Fjærst var lítill bær sem ég reikna með að hafi heitið Borg. Upp á hæðinni framan við Miðmorgunspáfuna stóð Borgargerði sem á þessum tíma var torfbær. Reykur liðaðist upp úr strompinum á gamla bænum og þar var maður að koma út úr fjárhúsinu en hann hafði líklega verið að hleypa út fáeinum kindum sem voru á túninu. Þetta var ábyggilega Björn í Borgargerði, langafi Steinunnar Þórarinsdóttur. Í Borgargarði stóð lágreistur torfbær mitt á milli þar sem Erla á Borgarhól og Baldur í Borgargarði búa núna. Fjárhúskofar stóðu skammt þar frá og þar gæti Stefán í Borgargarði hafa verið að bera vatn upp að fjárhúskofunum í lítilli tréfitu.

Leiðin til afgangins af Íslandi lá svo um Olnbogann, en við skulum ekki fara þangað.

Kristján Ingimarsson

VÍSNAGÁTA - LAUSNIN

Sama nafnorðið kemur fyrir í hverri línu fyrir sig.

Lausnin er nafnorðið „hamar“.

Sjónvarpsefni vinsælt víst,

virki hann, þá brátt „ún“ snýst.

Hafði dvöl í hendi mér

í hópi þriggja nefndur er.

Hamar(inn)

Kveikjuhamar

Hamar leikur í höndum mér (sumra) eins og önnur verkfæri

Hamar, steðji og ístað.



LUBBASTARF Í LEIKSKÓLANUM BJARKATÚNI

Ég heiti Hugrún Malmquist Jónsdóttir. Síðan haustið 2016 hef ég verið í tvöföldu meistaranámi í fjarnámi frá Háskóla Íslands. Ég er að mennta mig í Sérkennslufræðum og í Leikskólakennarafræðum með áherslu á mál og læsi. Þetta eru þau sérsvið sem ég hef brennandi áhuga á og þess vegna vildi ég efla þekkingu mína á báðum þessum sviðum. Ég stefni á að útskrifast vorið 2019 með báðar meistaraþráðurnar mínar. Samhliða náminu er ég að vinna í leikskólanum Bjarkatúni og þar gegni ég stöðu sérkennslustjóra og auk þess hef ég haft yfirumsjón með allri málörvun, þá bæði skipulagi og framkvæmd síðastliðin fjögur ár. Mig langar mikið til að kynna fyrir ykkur hvernig þessi málörvun fer fram en öll börn frá aldrinum tveggja til sex ára koma einu sinni í viku til mín í Lubbastarfið, klukkustund í senn.

Ég vinn fyrst og fremst með bókina Lubbi finnur málbein í þessum tímum en sú bók er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára og þess vegna köllum við þetta starf Lubbastarf. Námsfernið um Lubba er ný nálgun í vinnu með íslensku málhljóðin þar sem áhersla er lögð á hljóðanám barna í því. Þá er átt við að hljóðanamið fari í gegnum þrjú skynsvið, sem eru sjón, heyrn og hreyfing. Táknrænar hreyfingar eru notaðar til að undirstrika sérkenni hljóðsins og hjálpa á afgerandi hátt við að festa hljóðið í minni. Helsta markmiðið með þessu kennslufni er að ýta undir skýrari framburð, kenna börnunum bókstafina og auðga orðaforða þeirra. Þar er einnig lögð rík áhersla á að hverjum bókstaf fylgi málhljóðið. Ég gæti þess að börnunum í Lubbastarfinu sé kennt það að málhljóðið sé jafn mikilvægt og heiti stafsins því það er hljóðið sem þau nota þegar þau fara að lesa seinna meir. Í bókinni er hvert málhljóði tekið fyrir á einni síðu eða opnu og hverju málhljóði fylgir ákveðin saga og vísa eftir Þórarín Eldjárn. Vísurnar sem fjalla um hljóðin eru skemmtilegar og auðvelt að læra þær utanbókar, þær eru sungnar við gömul og þekkt lög. Í sögunum fræðast börnin einnig um landið okkar Ísland. Ég er með aðstoðarkennara í þessum tímum en það er bangsinn okkar hann Lubbi.



Ásamt því að vinna með Lubba bókina er ég einnig að tengja Hljóðasmiðjur Lubba inn í starfið en Foreldrafélag leikskólans gaf okkur það kennslufni fyrir nokkrum árum. Það eru fjórar öskjur af spennandi efni sem örvar meðal annars málhljóðamyndun, hljóðavitund og snemmbúið læsi. Í Lubbastarfinu notast ég líka mikið við Ljáðu mér eyra námsefnið, bæði bókina og spilin. Bókin byggist upp á fjölbreyttum og aðgengilegum verkefnum sem þjálfa hljóðkerfisvitund barna og stuðla þannig að aukinni lestrarfærni en með hljóðkerfisvitund er átt við þann hæfileika að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Börn læra að málið hefur ákveðið form sem kallast setningar, orð og hljóð. Hljóðin eiga sér síðan fyrirmynd sem heita stafir. Ljáðu mér eyra spilin byggja á sömu hugmyndafræði og bókinni, það er að segja að styrkja hljóðkerfisvitund barna. Með spilunum er hægt að þjálfa: rím, hljóðgreiningu fyrsta hljóðs, hljóðgreiningu síðasta hljóðs, hljóðflokkun, hljóðtengingu, samsett orð og umskráningu. Að mínu mati er það afar mikilvægt að til séu margvísleg verkefni til þess að þjálfa hljóðkerfisvitund og stuðla þannig að aukinni lestrarfærni hjá öllum börnum. Leikskólinn Bjarkatún á orðið mikið af flottu kennslufni sem þjálfa þessa færni. Það hefur einnig sýnt sig að öll börn hafa gaman af að leika sér með málið með því að fást við skemmtileg verkefni og þess vegna leitast ég eftir því að hafa Lubbastarfið fjölbreytt. Ég nýti einnig fleiri spil í Lubbastarfinu og ber þá helst að nefna; Íslenska stafrófið – Stafalist, Veidirím spilið og Stafastuð.

Börnin okkar á Krummadeild fara í Lubbastarf einu sinni í viku þegar þau eru á aldrinum tveggja til þriggja ára. Þar sem megin áhersla er lögð á að þau kynnist Lubba bangsanum okkar og læri að hann eigi bók um stafina og að hverjum staf fylgi málhljóðið og hreyfing. Við syngjum fyrir Lubba í tímunum, leikum við hann og gefum honum að borða. Málbeinin hans eru í mismunandi litum og með mismunandi áferð svo að þar eru börnin að læra litina, hvort að beinin sé mjúk eða hörð. Í öllu starfi í leikskólanum notumst við mikið við bókina um hana Bínu. Bókinni er ætlað að styðja við leikskólakennara í því að kenna börnum algengar boðskiptaleiðir. Mér þykir mikilvægt að litlu Krummarnir okkar tileinki sér þessa færni tveggja ára þegar þau byrja í Lubbastarfinu og námsefnið um Bínu er frábær leið til að hjálpa þeim að skilja og tileinka sér þessa hegðun. Söguþráðurinn í bókinni er sá að dúkkan Bína er bálreið því hún veit ekki hvernig hún á að haga sér. Þegar hún lærir það liður henni miklu betur. Bína hjálpar okkur að læra að bíða, hlusta, passa hendur og fætur og að skiptast á að knúsa Lubba og gefa honum að borða.

Þetta fyrirkomulag hefur gengið vonum fram og börnin eru mjög snögg að tileinka sér þá þætti sem þau læra um í Bínu bókinni. Í lok tímans gerum við jógabókstafateygjur en ég hef mikla trú á að þær festi útlit stafanna betur í minni barnanna.

Þegar börnin verða þriggja ára fara þau yfir á Kríudeild. Í Lubbastarfinu hjá þessum aldurshóp, þriggja til fjögurra ára Kríunum okkar, byggjum við á þeirri færni sem börnin hafa nú þegar tileinkað sér og eins tekur við markviss efling hljóðkerfisvitundar og leikur með stafi og orð. Á þessu aldursári taka börnin fyrir stafina A-F eftir því hvernig Lubbanámsefnið leggur þá fram og vinna þau með hvern staf tvær vikur í röð. Lubbastarfið er þannig uppbyggt að í fyrri vikunni vekjum við Lubba bangsann okkar og því næst er upprifjun á stöfunum sem við erum búin að læra. Síðan syngjum við lagið um staf vikunnar og lesum söguna sem honum fylgir. Öll börnin finna því næst eina mynd á opnunni í bókinni sem byrjar á bókstafnum. Notast er við hljóðasmiðjurnar til þess að kafa enn dýpra ofan í söguna. Í hljóðasmiðjunum eru spjöld með myndskreyttum örsögum ásamt fjölbreyttum verkefnum úr hverri sögu og á hverju spjaldi er einnig lögð áhersla á samstöfur og rím. Því næst merkjum við inn á Íslandskort hvar Lubbi er staddur í sögunni en Lubbanámsefnið fræðir börnin á margvíslegan hátt um náttúru Íslands og staðhætti. Við rifum upp hvað hinir staðirnir sem Lubbi hefur heimsótt heita ásamt staðsetningu þeirra. Síðan syngjum við saman Íslenskuljóðið. Því næst er stafablað fyllt út þar sem passað er upp á að dregið sé rétt til stafs og gripið á blýantinum er leiðrétt ef þess þarf. Þessi árgangur æfir sig líka í að skrifa stafinn sinn. Í lok tímans fær Lubbi málbein að borða og síðan fer hann aftur í rúmið sitt. Í næstu viku á eftir er unnið áfram með sama staf og málhljóð. Þá föndra börnin eitthvað sem tengist stafnum. Í lok tímans er svo unnið með mismunandi hljóðkerfisþætti í gegnum leiki, spil eða verkefni á blöðum. Þeir hljóðkerfisþættir sem þessi aldurshópur lærir eru rím og samstöfur. Einnig er farið í sundurgreiningu í Ljãðu mér eyra námsefninu, þá bæði sundurgreiningu setninga í orð og sundurgreiningu orða í atkvæði/orðhluta. Hjá þessum hópi byrjar eiginlegt nám í umskráningu. Börnin eru að læra að hver stafur er tákn fyrir ákveðið málhljóð. Unnið er markvisst að því að efla orðaforða í Lubbastarfinu samhliða allri þessari innlögn. Á milli verkefna er nauðsynlegt að teygja vel úr sér og því gerum við jóga bókstafateygjur. Þá nýti ég spjöld með jógaheyfingu og börnin mynda stafina með líkamanum sínum. Þetta er mjög vinsælt og gott fyrir litla skrokka að fá aðeins að hreyfa sig eftir kyrrsetu. Jógateygjurnar eru líka enn ein leiðin til að börnin festi útlit stafanna í minni. Ég hef mikla trú á því að nýta allskyns aðferðir sem ýta undir að börnin eigi auðveldara með að muna og rífa upp hvað stafurinn heitir og hvað hann segir. Þessi hópur fær að fara með Lubba í helgarheimsókn á haustönninni. Þá taka þau Lubba bangsann með heim, bókina hans, málbeinin og geisladiskinn með lögnum. Einnig fer dagbók með heim þar sem þau skrá niður hvað var gert skemmtilegt um helgina. Börnin kynna síðan fyrir börnunum á Kríudeild hvað þau gerðu með Lubba og þannig æfast þau í framsögn. Með þessum hætti gefst einnig gott tækifæri til að kynna Lubbastarfið fyrir foreldrunum. Lubbi hefur farið í helgarheimsóknir síðastliðin fjögur ár og lent í allskyns ævintýrum.

Kríurnar okkar sem eru á aldrinum fjögurra til fimm ára halda áfram í stafainnlögn í Lubbastarfinu og eftir skólaárið hafa þau farið í gegnum öll íslensku málhljóðin í Lubbabókinni. Samskonar fyrirkomulag er á uppbyggingu tímans í Lubbastarfinu og hjá börnunum sem eru einu ári yngri. Þeir þættir hljóðkerfisvitundar sem unnið er með hjá þessum hóp á haustönn eru: margræð orð og hljóðgreining fyrsta og síðasta hljóðs. Bókin og spilinn frá Ljãðu mér eyra eru mestmegnis notuð í þeirri innlögn. Á vorönninni vinnum við með hljóðaflokkun, orðhlutaeyðingu og samsett orð. Einnig vinnum við með orða- og setningamyndun. Eins höldum við áfram að æfa samstöfur, rím og umskráningu. Í lok skólaársins ættu börnin að hafa góðan skilning og þekkingu á öllum íslensku bókstöfunum og málhljóðunum þeirra og einnig hafa börnin farið í gegnum þá hljóðkerfisþætti sem eru nauðsynlegar grunnstöðir fyrir læsi.



Elstu börnin okkar í leikskólanum köllum við Tjaldana okkar. Þá verða vissar breytingar á Lubbastarfinu. Í byrjun annar förum við yfir tvíhljóðin ey og au og eins er farið í það hvaða málhljóð verða til þegar bókstafurinn h stendur með mismunandi samhljóðum eins og: hl, hj, hn, og hr. Í fyrra för ég í þá vinnu að finna kennsluefni sem hentar Tjöldunum okkar og byggir ofan á þá þekkingu sem þau hafa náð tökum á í Lubbastarfinu síðastliðin ár þar sem þau eru búin með Lubbabókina. Fyrir valinu varð Lestrarlandið. Það námsefni nær til allra þátta lestrarnámsins: hljóðavitundar, umskráningar, lesfimi, orðaforða, lesskilnings og ritunar.

Þar er einnig kappkostað að koma til móts við mismunandi aðferðir og áherslur í lestrarkennslunni. Í efninu er lögð rík áhersla á vandað myndefni sem leið til að örva talmál, vekja hugsun og samræður og æfa börnin í að deila viðhorfum sínum og hugmyndum með öðrum. Með námsefninu fylgir sögubók en sögurnar í þeirri bók eru eftir þrettán íslenska höfundar og þar er lögð áhersla á tiltekinn bókstaf í hverri sögu. Þær eru ætlaðar til upplestrar til að æfa hlustun, hljóðvitund, orðaforða og skerpa athygli. Allir Tjaldarnir fá Lestrarlands vinnubók sem við förum vel og vandlega í gegnum á síðasta skólaárinu þeirra en hún er unnin jafnhliða sögubókinni. Samhliða Lestralandinu notumst við mikið við stafakubbana frá Morphon í Lubbastarfinu. Þetta er bókstafasett með öllum íslensku stöfunum. Í settinu eru sérhljóðar í rauðum lit og samhljóðar í grænum. Með þeim fylgja margvíslegar hugmyndir svo notagildið er fjölbreytt. Meðal annars er hægt að nýta þá til að læra stafrófið, að stafa, raða saman stöfum við myndir, læra há- og lágstafi, sér- og samhljóða, læra að ríma, spila orðaleiki, mynda setningar og fleira. Stafakubbarnir smellast saman og því má taka heilu orðin upp af borði og tengja fleiri orð saman við eins og krossgátu. Þeir eru gott tæki til að styrkja og auka færni barna í lestri og skrift. Hver æfing með stafakubbana er samin bæði með skýr markmið og viðeigandi stærð nemendahóps í huga. Hverja æfingu er hægt að nota á þrjá vegu og Tjaldarnir vinna með fyrsta stigði en það hentar vel börnum sem eru búin að læra stafina og eru farin að nýta sér hljóðaðferðina til að lesa einföld orð. Við kennararnir í leikskólanum Bjarkatúni höfum verið að leggja ríka áherslu á það síðastliðin tvö ár að börnin okkar kunni Stafróflagið og syngjum við Lubbi það með þeim í hverjum Lubbatíma, en sum hver kunna lagið núþegar alveg upp á tíu :)

Í mínu starfi hef ég haft orð hennar Bryndísar Guðmundsdóttur talmeinafræðings að leiðarljósi en hún segir að það sem ráði úrslitum um gengi barna í lestrarnámi er að börnin geri sér grein fyrir tengslum málhljóða og bókstafa. Þar skiptir hljóðvitund og réttur framburður hljóða miklu máli. Til að efla þetta hjá börnum þarf að æfa og leika með hljóð og orð frá unga aldri.

Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, er ávallt haldinn hátíðlegur í leikskólanum Bjarkatúni. Þá mega öll börnin koma með eina bók með sér að heiman. Lubbi átti líka afmæli þann dag en hann er orðinn fjögurra ára gamall þar sem hann kom í leikskólann til okkar árið 2014. Við ákváðum að halda upp á afmælið hans. Tjaldarnir útbjuggu kórónu fyrir hann og Lubbi bauð upp á ávexti í samverstundinni. Við sungum afmælissönginn og nokkur lög úr bókinni hans. Það var mjög skemmtileg stund. Ein lítil stúlka kom með fallega mynd í leikskólann til að gefa Lubba í afmælisgjöf en myndin hangir núna fyrir ofan rúmið hans Lubba þar sem hann hvílir sig á milli þess sem hann fer í helgarheimsóknir til barnanna eða aðstoðar okkur í Lubbastarfinu.

Við Lubbi hlökkum mikið til að halda áfram að vinna með frábæru börnunum í leikskólanum Bjarkatúni á komandi árum :)

Bestu kveðjur

Hugrún Malmquist Jónsdóttir + Lubbi

KVENNAFRÍDAGURINN



Konur í Djúpavogshreppi lögðu niður vinnu kl. 14:55 24. október og fjölmenntu í Við Voginn í tilefni kvennafríðagsins og fengu sér kaffi, kakó og kökur.

Kvennafrídagurinn var fyrst haldinn 24. október árið 1975 á kvennaári Sameinuðu þjóðanna. Þann dag lögðu konur um land allt niður vinnu til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir þjóðfélagið. Þær vildu mótmæla og vekja athygli á launamisrétti, vanmati á störfum kvenna, skorti á virðingu og valdaleysi kvenna. Hjól atvinnulífsins og reyndar þjóðlífsins alls nánast stöðvuðust þennan dag. Fundurinn vakti athygli um allan heim og sýndi að samstaðan er sterkasta vopnið.

Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands um launamun kynjanna eru meðalatvinnutekjur kvenna 74% af meðalatvinnutekjum karla. Konur eru því með 26% lægri atvinnutekjur að meðaltali. Samkvæmt því hafa konur unnið fyrir launum sínum eftir 5 klukkustundir og 55 mínútur miðað við fullan vinnudag frá kl. 9–17. Daglegum vinnuskyldum kvenna er því lokið kl. 14:55. Með þessu áframhaldi ná konur ekki sömu launum og karlar fyrr en árið 2047 – eftir 29 ár!

HUGLEIÐINGAR HÖNNU UM CITTASLOW

Árið 2016 skrifaði ég pistil á facebook sem á ekki síður við núna þegar ég er búin að búa hérna á Djúpavogi í 4 ár. Á þessum tíma hef ég hægt og rólega verið að glöggva mig á því hvað það þýðir að búa í bæ sem er með stimpilinn „Cittaslow“ og hvernig það hefur áhrif á líf mitt og fjölskyldu mína hérna. Þegar ég spyr bæjarbúa hvað það þýði að við séum Cittaslow eru margir sem yppa öxlum, segja að þetta sé bara stimpill sem við fengum útaf gönguleiðum og Teigarhorni. Fæstir vita hvað þeir geta gert til að lifa samkvæmt Cittaslow hugmyndafræðinni og halda í raun að þetta sé flóknara en þetta er í raun og veru. Ég hef því gengið með það í maganum í svolitinn tíma að skrifa niður hvað það er sem við, íbúar samfélagsins, getum gert og erum jafnvel nú þegar að gera – sem gerir okkur að íbúum Cittaslows bæjar.

Cittaslow hugmyndafræðin byggir á ákveðnum grunnþáttum. Ég er ennþá að átta mig á þeim og langar til að segja ykkur frá því hvert ég er komin í mínum hugsunum um Cittaslow.

Einn af grunnþáttum Cittaslow er til dæmis gestrisni. Það þýðir að við tökum vel á móti fólki sem hingað kemur, bjóðum góðan dag og erum einnig kurteis og vinaleg við gestina okkar – útlendingana. Við erum tilbúin að rétta fram hjálparhönd, aðstoða við bensíndæluna eða benda þeim á rétta staði til að losa sig við úrgang.:) Það er líka hluti af gestrisni að merkja vel bæinn okkar, hvar klósettaðstaðan er, hvar má gista og hvar ekki ásamt því að gera almennileg bílastæði, gönguleiðir um bæinn og svo mætti lengi telja. Margt af þessu er ekki í okkar höndum en sumt getum við gert sjálf, eins og til dæmis merkt húsin okkar með nafni og ártali, gert skýr lóðamörk, haldið garðinum hreinum, húsinu snyrtu og umhverfinu fallegu. Það er gestrisni, það er Cittaslow.

Endurvinnsla er eitt af mikilvægustu hornsteinum Cittaslow. Að hugsa um náttúruna og umhverfið, að skila móður jörð vel af okkur til næstu kynslóðar. Þar er af nógu að taka. Hægt er að nota fjölnota poka við verslunarferðir, taka með sér ílát og hreinsa rusl í gönguferðum, henda aldrei nokkurn tímann neinu sorpi út í náttúruna og sjá til þess að sorp og aðrir hlutir fjúki ekki af lóðunum. Eins má takmarka heimilissorpið með því að flokka allt eins mikið og hægt er. Hér er frábær endurvinnslustöð sem mikilvægt er að nýta sér. Eitthvað virðist þó vera um vangaveltur meðal bæjarbúa um hvernig best er að flokka sorpið og þar mætti sveitarfélagið bæta upplýsingaflæðið. Til dæmis með því að gera útskýringar á endurvinnsluflokkum aðgengilegar inn á heimasíðunni. Að flokka sparar ekki aðeins sveitafélaginu urðunargjald (og jafnvel heimilunum) heldur hjálpar það náttúrunni alveg gríðarlega. Það er líka með ólíkindum hvað heimilissorpið minnkar þegar allir flokkar eru teknir fyrir, þar á meðal moltan. Það er Cittaslow.



Eitt af því sem við getum einnig gert er að spara bílinn og nota eigin orku til að koma okkur á milli staða. Þar get ég sjálf bætt mig alveg gríðarlega en ég er ein af þeim fjölmörgu sem keyra til og frá vinnu. Á morgnanna fylgist ég með fjölda barna vera skutlað í skólann og um kl 08:00 er umferðaröngbveiti við skólann og leikskólann. Rannsóknir hafa sýnt aukinn námsárangur hjá börnum sem ganga í skólann og efast ég ekki um að það eykur einnig vinnuafköst starfsfólks að ferðast um fótgangandi. Í raun er hálf fátíðlegt að ég skuli keyra í skólann þar sem ég er 6 mínútur að fara þetta fótgangandi. Sex mínútur. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það er val hvers og eins hvort að bílnum er startað eða ekki en með umhverfisvernd í huga er mikilvægt að drepa a.m.k. á bílnum meðan við stökkvum frá honum, hvort sem um styttri eða lengri tíma er að ræða. Það er Cittaslow.

Að gefa sér tíma til að taka þátt í viðburðum í samfélaginu, röla á listasýningar og fá sér köku og kaffi í Löngubúð, fara í gönguferðir með börnin, nýta opnunartíma Bakkabúðar, taka virkan þátt í félagsstarfi hvort sem það er skógræktarfélagið, þrjónakvöld, kirkjukórinn, ungmennafélagið eða félag eldri borgara. Allt þetta skiptir máli en eins og með bílinn, er þetta líka val hvers og eins og mikilvægt að virða það að ekki eru allir félagsverur eða á þeim stað í lífinu að geta sótt menningarviðburði. Það er líka Cittaslow að sýna skilning og leyfa hverjum og einum að njóta sín þar sem honum líður vel.

Það mikilvægast af öllu er þó hvað við kennum krökkunum okkar. Að við kennum þeim að það sé sjálfsagður hluti af tilverunni að endurvinna allt heimilissorp. Þar þurfum við að vera góðar fyrirmyndir jafnvel þó að við nenum þessu ekki eða þó okkur finnist þetta vera óþarfi. En þetta er mikilvægt. Þetta skiptir í alvöru máli. Kenna krökkunum að bera virðingu fyrir náttúrunni, draga andann djúpt, staldra við, njóta náttúrunnar, einfalda líf okkar, huga að náunganum og lifa samkvæmt hugmyndafræði Cittaslow. Við erum fyrirmyndirnar og við erum að ala upp kynslóð af Cittaslow-íbúum.

Þessar vangaveltur mínar eru alls ekki heilagar en svo sannarlega hluti af einum grunnþætti Cittaslow sem er vitundarvakning – að vekja íbúa til umhugsunar um hvað við getum gert til að aðlagast Cittaslow hugmyndafræðinni.

Jóhanna Reykjalin

HÉR ER GOTT AÐ VERA

Við erum komin á Djúpavog frá Ungverjalandi. Heimabær okkar er nálægt Székesfehérvár og kallast Pátka.

Við eigum 5 börn á aldrinum 13-22 ára, 3 stráka og 2 stúlkur. Af strákunum okkar kom Daníel með okkur, Áron og Máté (Matthew) eru enn heima í Ungverjalandi í námi. Áron lærir til kennara og Máté er að klára menntaskóla.

Ágnes (Ági) er menntaður sérkennari. Hún á 4 bræður og systur. Móðir hennar er lyfjafræðingur og faðir hennar prestur í hinni endurbættu katólsku kirkju. Hún kemur úr mikilli tónlistarfjölskyldu. Allar systur hennar og bræður spila á hljóðfæri og hafa góða söngródd. Einn af bræðrum hennar er einnig tónlistarkennari og faglaert tónskáld. Foreldrar hennar búa í Székesfehérvár í Ungverjalandi.



Bakgrunnurinn í tónlist

Ági hóf tónlistarnám 7 ára gömul í píanó og söng. Hún söng í kórum og spilaði á tónleikum á píanó. Eftir útskrift fór hún í kennaranám í Háskólann í Szombathely. Í framhaldi af því fór hún tvö misseri í framhaldsnám í háskóla lútherskrar kirkjutónlistar í Herford, Þýskalandi. Ági leiddi Hósanna barnakór kristinna í Székesfehérvár á árunum 1992 til 2005.

Ég útskrifaðist sem tónlistarkennari og kirkjutónlistarmaður. Faðir minn er tækniamaður og móðir mín bókari. Foreldrar mínir eru búsettir í Lébény sem er bær í norðvestur Ungverjalandi, við landamærin. Ég á 2 bræður, annar er prestur í ungversku lútherskirkjunni í Csákvár. Hinn bróðir minn vinnur í flutningageiranum.

Ég er organisti og kórstjóri síðan 1984 í lútherskum kirkjum. Í fyrstu var ég sjálflærður á orgelið en árið 1985 fór ég í nám í kórstjórn. Árið 1991 sótti ég sama háskóla og Ági í Szombathely og lærði tónlistarkennslu og kirkjutónlist. Á árunum 1995-1997 fór ég fjórar annir í framhaldsnám í Herford í Þýskalandi í háskóla lútherskrar kirkjutónlistar. Samhliða náminu kenndi ég í tónlistarskólum og frá árinu 1992 kenndi ég kórstjórn. Mágkona mín er tónlistarkona og fjölskylda mín er með fjölskyldukór. Einnig erum við með hálfgerða ættarhljómsveit þar sem 8 fullorðnir og 16 börn syngja og spila kórtónlist saman.

Ég stofnaði ásamt nokkrum vinum og samstarfsfólki kór og hljómsveit sem kallast „Capella Regia” í Székesfehérvár. Hljómsveitin sérhæfir sig í kirkjutónlist mótmælendatrúa á XVI.-XXI. öld.

Af hverju Djúpivogur?

Fráfarandi tónlistarkennarar József og Andrea eru vinir okkar. Við lærðum saman í háskólanum í Szombathely. Ági ólst upp í sama bæ og József en faðir hans var tónlistarkennarinn hennar. József spurði okkur í fyrra hvort við hefðum áhuga á þessu starfi og við sögðum „JÁ”. Við hugsuðum með okkur að þetta væri frábært tækifæri, sem þetta er svo sannarlega. Það er þó ekki auðvelt að skilja tvö af börnum okkar eftir í heimalandinu. En hér höfum við tækifæri til að prófa nýtt líf.

Fyrir okkur er þetta hálfpartinn eins og ný pláneta með nýju tungumáli. En við erum glöð að vera hér og Djúpivogur er réttur og góður staður í þessum heimi.

Jólahefðir í heimalandinu

Jólin í Ungverjalandi eru veisla ástarinnar (after John 3:16 – „For God so loved the world that he gave his one and only Son...”). Fjölskyldur hittast þennan dag, skiptast á gjöfum og snæða saman hádegismat og/eða kvöldmat.

En þetta er eins hjá okkur og mörgum öðrum. Við undirbúum matarveislu, hlaupum á milli erinda, ögn af stressi og fullt af fólki í búðunum. Fólk þarf að minna sig á það að halda ró í jólatraffíkinni. Það er ekki alltaf auðvelt að halda í „veislu ástarinnar”...

Á jólum erum við von að syngja og spila í kirkju á aðfangadagskvöld. Í framhaldi af því keyrum við til foreldra Ági, en við búum í 15 mínútna fjarlægð. Þegar heim er komið aftur hittum við nágretta okkar og syngjum saman. Að lokum komum við heim og opnum saman gjafirnar. Seinna um kvöldið spilum við tónlist, syngjum, spjöllum og njótum þess að vera saman.

Á jóladag hittum við stórfjölskyldu, foreldra, bræður og systur Ági og borðum saman hádegisverð. Þar er talað, sungið, spilað á spil og hljóðfæri. Annan í jólum hittum við vanalega foreldra mína og fjölskyldur bræðra minna í Csákvár. Svo förum við í messu saman þar sem sungin er hátíðleg jólatónlist. Bróðir minn eða frændi sjá um prédikunina. Í framhaldi af því fáum við okkur hádegisverð og njótum dagsins saman.

Jólin á Djúpavogi

Þessi jöl verða afar sérstök fyrir okkur. Máté flýgur til okkar og verður hjá okkur yfir hátíðirnar. Áron er eldri og verður hjá ömmu og afa heima í Ungverjalandi. Það verður að koma í ljós hvernig jólin okkar verða. Undirbúningurinn er hafinn og við erum glöð að fá að spila jólatónlist hér á Djúpavogi.

Við viljum þakka ykkur öllum kærlega fyrir frábærar móttökur. Þið hafið hjálpað okkur takmarkalaust og erum við því afar þakklát. Hér er gott að vera.

Attila og fjölskylda.

BRÚÐKAUP Í PÓLLANDI



Góðan dag.

Við vorum beðin um að skrifa smá sögu úr brúðkaupinu okkar sem fór fram þann 29. september síðastliðinn og er það okkur sannur heiður. Brúðkaupið okkar fór fram í Elk heimabæ hennar Aniu. Þar búa um 60.000 manns. Brúðkaupið fór fram með sérstökum pólskum hætti. Í kirkjunni fór athöfnin fram á pólsku og ensku. En það var eitt atriði sem skaraði algjörlega framúr. Litli strákurinn okkar hann Leó Rafael getur ekki verið án mömmu eða pabba. Amma hans var að passa hann í kirkjunni en hann sætti sig sko ekki við það og ákvað því að trufla athöfnina sem hélt samt áfram. Hann fór hjá altarinu og spjallaði aðeins við okkur svo fór hann nær altarinu að framan og fann þar ýmsa heilaga muni til að leika sér að. Hann trommaði og bramlaði og sló í allskonar hluti svo ekkert heyrðist í prestinum í dagóðan tíma. En fólk hló nú bara að þessu og presturinn líka, þetta var mjög spaugilegt atvik og kallaði presturinn hann „litla hryðjuverkamanninn“ eftir athöfnina í góðu gríni. En þá að sjálfri veislunni. Hún var með pólsku ívafi og því líkt mikið af mat! Við höfum aldrei nokkurn tímann séð svona mikinn mat áður. Það var alltaf matur á borðunum og engin mátti fara svangur

heim. Það var sungið, dansað og drukkið langt frameftir nóttu. Það er hægt að segja að Pólverjarnir kunni sko að halda veislu. Þetta var ótrúlega gaman. Íslendingarnir sem mættu voru alveg í skýjunum og voru sammála um að þetta væri skemmtilegasta veisla sem þau hafa farið í. Að lokum viljum við þakka þeim sem mættu og sérstaklega öllum þeim vinum og ættingjum sem komu alla leið frá Íslandi, það var geggjað.

Natan Leó Arnarsson og Ania Czezko.

Óskum starfsfólki, viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



JÓLAMINNING

Hvernig voru jólin í gamla daga, spyrja krakkarnir stundum þegar þau taka sér frí frá snjalltækjunum eða sjónvarpinu. Fullorðna fólkið staldrar við og það verður fátt um svör, allir uppteknir við jólastúss eða annað aðkallandi.

„Gömlu“ jólinum hefur verið lýst svo oft og þau voru líka eflaust ekki síður en nú með mörgu sniði, eftir því hver í hlut átti. Endalaust má svo deila um hvað og hvenær „gömlu dagarnir“ voru.

Þegar ég sit við gluggann og reyni að kalla fram „gömlu jólin“ finnst mér að þau öll hafi verið eins ljúf, meðan ég átti heima uppi í afdal í Vopnafirði. Og minningarnar streyma fram, tíminn staldrar við og áður en ég veit af er komið fallega blátt rökkur úti. Nóg af verkum sem bíða en....hvað er að gerast?

Allt í einu er ég orðin lítil og ég er úti að leika mér með sleðann minn og ég sé í fjarska að það færist blár skuggi yfir Smjörfjöllin. Þarna eru þá jólin áreiðanlega að koma, þetta hljóta að vera þau! Og það eru norðurljós á harðahlaupum um loftið og ég horfi hrifin á og nú eru englarnir líka búnir að kveikja á nokkrum stjörnum. Það er Þorláksmessa í dag og Sesselja afasystir er að koma heim í jólafrí frá saumaskapnum og ég flýti mér inn og það er svo góð lykt í bænum. „Stúlkurnar“ eru að kveikja í eini við og þegar hætt er að loga, ganga þær um allan bæinn með rjúkandi greinarnar og ilmurinn fyllir öll herbergi. Amma segir að einirinn fæli „allt illt“ úr bænum, þegar ég spyr hvers vegna þetta sé gert.

Og afasystir kemur um kvöldmatarleytið. Hún kom með einhverjum manni með hest og sleða og er í mörgum pilsum og sjöllum því það er kalt að sitja á sleða og ég sit alsæl í fangi hennar við matarborðið. Hún kom með epli og appelsínur í pokum og það er saltkjöt og soðbrauð í matinn sem soðið var með jólahangikjötinu og allir fá að smakka smásneið af hangikjötinu og eplin ilma á eldhúsbeknum. Og gólfíð er svo fallega hvítskúrað og ég er drifin í það í stóra járnbalanum og nýju ullarnærfötin stinga svolítið og það er haldið á mér upp í Litlahús svo það „slái ekki að krakkanum“. Ég heyri fólkið hlæja niðri í eldhúsi og mig langar svo niður að hlæja með og það er „mömmulykt“ af nýju náttfötunum mínum, blanda af ilmvatns og tóbakslykt. Og þó að mamma sé óljós í huganum og komi bara einusinni á ári þá er lyktin skýr og ljúf og loðir lengi við fötin sem hún sendir litlu dóttur sinni.

Svo vakna ég og það er kominn aðfangadagur og það er verið að reyta rjúpunar og það eru ber í sarpinum og ég ét þau og það er svona sólskinsbragð af þeim. Dagurinn er hroðalega lengi að liða. Ég veit að það eru jólapakkar í felum einhvers staðar og hundarnir eru leiðinlegir og dúkkurnar og kötturinn líka, en loksins kallar amma í mig og ég má fara í sparifötin og einhver segir:

Hátíðardagskrá

Langabúð laugardaginn 1. des kl 14:00

Í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands þann 1. des verður notaleg stund í Löngubúð.

Opnuð verður sýningin: „Gammur, gríðungur, dreki og bergriði“, þar sem unnið er með fyrsta landvætaskjaldarmerki Íslands sem Ríkarður Jónsson gerði. Á sýningunni eru verk eftir Ríkarð, nemendur grunnskólans og leikskólans. Einnig verður þar önnur dagskrá til skemmtunar og fróðleiks.






“Það er að verða heilagt“ og svo byrjar klukkan í útvarpinu að hringja og rjúpunar eru komnar á borðið og smjörgrauturinn bráðnar á tungunni og sparidiskarnir eru á borðinu.

Það fara allir upp í baðstofu eftir matinn og það er búið að kveikja á stóra fína lampanum. Amma tekur svarta bók og les og allir sitja á rúmum og hlusta og segja svo „takk fyrir lesturinn“ Sesselja afasystir segir „ætlaðu ekki að spila svolítið Stefán minn“ og hann verður dálítið vandræðalegur, sest við orgelið og jólasálmarnir hljóma og allir syngja með. Ljónið á lampanum verður einhvernvegin skærara og baðstofan stækkar....

Í stofunni niðri hangir jólatréð yfir kringlóttu borðinu og það eru pakkar á borðinu og epli og appelsínur í fínu glerskálinni. Allir taka höndum saman og syngja en nú eru það ekki sálmar heldur skemmtileg lög og konurnar heykja sér niður í hnjónum, brosandir og ég er dálítið feimin, því allir eru svo finir og ekkert er eins og vanalega. Kjöllinn minn er svo léttur og slær á hann allavega lit. Stefán er forsöngvari og syngur „Táp og fjör og frískir menn.“ Í textanum segir „Djúp og blá“ og mér finnst það endilega vera Sunnudalsáin, sem er djúp og blá á sumrin, en liggur nú undir þykkri breiðu af snjó. Amma stingur alltaf upp á nýjum og nýjum lögum ég kann sumt, en ekki nærri allt.

Menn hætta svo söng og fá sér epli og appelsínur og loksins má opna pakkana! Ég fæ langflesta, aðallega bækur og spil sem má ekki snerta á aðfangadagskvöld því annars koma tveir tígulkóngar í spilin eins og gerðist einhversstaðar, mér finnst þetta skrítið en annar kóngurinn var víst ljóti karlinn..... og nú er orðið vel heitt og frostrósirnar bráðnaðar af rúðunum. Það er nú verri! Þá getur Gluggagægir farið að glápa inn. Hann er verstur af öllum þeim bræðrum með voðaleg augu. Amma fer fram í eldhús að hita súkkulaði en „stúlkurnar“ að mjólka kýrnar. Ég strýk nýju bækurnar blíðlega og veit að ég má vaka lengi af því það eru jól. Passa mig að snerta ekki spilin og horfa ekki í áttina að glugganum!

En ég fékk líka dúkkulísur og fullt af fötum á þær, sem þarf að klippa út og spil sem heitir Lúdó og er víst mjög skemmtilegt. Og bók um jólasveina, sem eru nú orðnir rauðklæddir og bara níu? Hvað ætli hafi orðið um hina! Þeir eiga að vera 13. Og svo eru þeir orðnir miklu fallegri í nýju bókinni, brosandir útað eyrum. Kannski hafa þeir „lagast með aldrinum“ eins og stundum er sagt um mig þegar ég er óþæg?

Seinna um kvöldið setjast svo allir að súkkulaðidrykkju í eldhúsinu og það er fullt af finum smákökum, hálfmánar, vanilluhringir, gyðingakökur, kossar og góða tertan hennar ömmu. Og allt í einu er ég orðin svo syfjuð og einhver segir „krakkinn er alveg að leka útaf“ og þarna lokast einhvern veginn minningabókin og ég sit við eldhúsgluggann í Sæbakka og horfi á blátt rökkrið úti fyrir.....

Hrönn í Sæbakka



Jólabasar Kvenfélagsins Vöku

4. desember í Löngubúð kl. 18 - 20

Kvenfélagið verður með súpu til sölu





Jólahlaðborð í frystihúsinu 7. og 8. desember


Veisluborðin koma til með að svigna undan
kræsingunum á okkar árlega jólahlaðborði.

Lifandi tónlist yfir borðhaldi.

Verð pr. mann 8.900 kr.

Pantanir og upplýsingar í síma 470-0000
eða á netfanginu info@hotelblafell.is.

Tilboð fyrir hópa



SVIPMYNDIR

Nína í Ösp, í samstarfi við Bóndavörðuna, færir okkur nokkrar svipmyndir.



Heppinn Óli að eiga doktor sem tvífara þegar hann meiðir sig. Dr.Gunni búinn að setja plástur á meiddið.



Komin í sveitina til að lifa af landinu. Cabbage doll/Hvítkálshöfuð dúkka



Annar er klár

Ljósín á jólatré Djúpavogshrepps verða tendruð fyrsta sunnudag í aðventu, þann 2. desember kl. 17:00, á Bjargstúni.

Grunnskólanemi kveikir jólaljósín.

Sungið og dansað í kringum jólatréð.

Jólasveinar kíkjja í snemmbúna heimsókn niður í mannabyggð með sitt hvað í pokahorninu.

Jólatréð er gjöf frá Skógræktarfélagi Djúpavogs.

**Tendrun jólatrésins
2018**



FRÁ TEIGARHORNI

Hver er steindin ?

Vísbendingar

- Hefur hörku upp á 6
- Sýrumagn yfir 67%
- Á sér tvö nöfn, annað eftir eyju í Sikiley hitt úr grísku og merkir hraunstraumur.



Svarið birtist í næstu Bóndavörðu

Seladónít

Á Íslandi er berg kalíum-snautt og eru leirsteindir nokkuð algengar á Íslandi svo sem **smektít**, **seladónít** og **klórít**. Þessar leirsteindir myndast allar við ummyndun basalts, en nóg er af því á Íslandi. Auðveldast er að greina seladónít, en það myndar oft græna eða blágræna skán innan á holum í basalti. Ef holurnar eru fylltar með holufyllingum er oft græn slikja af seladóníti milli holufyllingarinnar og bergsins.

Á myndinni má sjá hvernig Seladónít umlykur holufyllinguna.



Stilbít

Stilbít myndar plötulaga kristalla sem vaxa í horn til endanna. Þegar báðir endarnir mynda knippi líkt og á mynd hér til hliðar er það kallað slaufur á Austurlandi. Stilbít er oft mjólkurhvítt, glært eða hálfglært að lit, þó finnast lituð afbrigði sem geta þá verið rauðbrún eða grænleit. Stærðin getur verið allt frá 1 til 10 cm að lengd. Berufjörður er algengur fundarstaður Stilbít.



*Jóladagskrá
Djúpavogshrepps er á síðu 20-21*

VÍSUAHORN

Hrönn Jónsdóttir í Sæbakka setti saman fjóra fyrriparta sem birtir voru í síðasta tölublaði Bóndavörðunnar. Óskað var eftir því að sendir yrðu inn vísuþotnar. Botnunum var svo komið áfram undir dulnefni til Hrannar sem, ásamt dómnefnd, skar úr um hverjir þeirra yrðu birtir hér í jólaútgáfu Bóndavörðunnar.

Hér má finna fyrriparta Hrannar ásamt botnum sem valdir voru af dómnefnd. Njótið!

Þegar vetur völdin tekur vefur mjöllin grund og hlið,

fagurt vorið flóttann rekur,
fegrar gróður sólín blíð.

Samúel Örn Erlingsson

Sólin lækkar, sölna blóm, söngfuglarnir þagna.

Í tóni skynja tregaóm,
en tíð skal nýrri fagna.

Kristín Sigfinnsdóttir

Senn á enda sumarið, svona eins og gengur.

Bið mín klukka gefi grið
og gangi nokkuð lengur.

Kristín Sigfinnsdóttir

Okkur sækir haustið heim, hér á norðurslóðum.

Afurðir með undrakeim
anga í krukum góðum.

Kristín Sigfinnsdóttir

fögur myndin vonir vekur;
verði jarðar friðartíð.

Kristín Sigfinnsdóttir

Engan fellum dauðadóm,
depurð ei skal magna.

Kristín Sigfinnsdóttir

Ástin, sem þá undum við,
endist naumast lengur.

Kristín Sigfinnsdóttir

Herðir kulda hratt um geim,
himinn brátt á glóðum.

Samúel Örn Erlingsson

á himni stjörnur; huga vekur
heimsins gáta, ár og síð.

Kristín Sigfinnsdóttir

Vetrargleði rásum róm,
röskir drengir fagna.

Samúel Örn Erlingsson

Jörð mér færir jóladekur,
ég þá líka gjafir býð.

Philip Vogler

Jólagjöfina færðu hjá okkur

Úrval af glæsilegum jólapakkningum



Gjafabréf í dekur er hlý og góð jólagjöf handa þeim sem þér þykir vænt um.

Hægt er að kaupa gjafabréf á staðnum eða panta í síma 471-1616 og við heimsendum gjafabréfið.

**Lena Dóra snyrtifræðimeistari verður á Djúpavogi 7. desember.
Tímarpantanir í síma 471-1616.**

Þennan dag verða allar jólapakkningarnar á 10% afslætti.

SNYRTISTOFAN ALDA



Tjarnarbraut 19, 700 Egilsstaðir s. 471-1616
Hafnarbraut 4 740 Neskaupstaður s. 477-1916



Jólaball foreldrafélaga Djúpavogs

29.desember

Kl.15-17

Hótel Framtíð

Allir velkomnir!

Dansað í kringum jólatré

Jólasveinar kíkja í heimsókn

Kaffi & djús á staðnum